



# HÁSKÓLI ÍSLANDS

**BA-ritgerð  
í íslensku sem öðru máli**

**Skiptir kyn máli?**  
Rannsókn á starfsheitum í íslensku

**Ana Belén Fernández Organista**

Leiðbeinandi: María Anna Garðarsdóttir, aðjunkt  
September 2022

**ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD**

**Skiptir kyn máli?**  
Rannsókn á starfsheitum í íslensku

Ana Belén Fernández Organista  
270984-5099

Lokaverkefni til BA-prófs í íslensku sem öðru máli  
Leiðbeinandi: María Anna Garðarsdóttir, aðjunkt

Íslensku- og menningardeild  
Hugvísindasvið Háskóla Íslands  
September 2022

Skiptir kyn máli? Rannsókn á starfsheitum í íslensku

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs  
við Íslensku- og menningardeild á Hugvísindasviði Háskóla Íslands

© Ana Belén Fernández Organista, 2022

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

## Ágrip

Í þessari ritgerð eru starfsheiti í íslensku skoðuð í tengslum við tungumál og jafnrétti kynjanna og kynntar eru niðurstöður rannsóknar sem gerð var um starfsheiti í íslensku. Spurningakönnun var hönnuð til að rannsaka notkun og skoðun íslenskra móðurmálshafa á starfsheitum og var notkun *-maður* og *-kona* sem seinni hluti samsettra orða sérstaklega skoðuð. Í könnuninni voru þátttakendur fyrst beðnir að fylla í eyðu það starfsheiti sem vantaði og svo voru valkostir þar sem þátttakendur þurftu að velja starfsheiti sem þeim fannst mest viðeigandi. Sömu setningar voru gefnar í bæði skipti. Markmiðið var að kanna hvaða orð þátttakendur nota annars vegar í sem ómeðvituðustu samhengi og hins vegar meðvitaðra samhengi þegar þeir vísa til starfsheita ólíkra kynja. Í síðasta hluta voru spurningar um rannsóknarefnið og þátttakendur þurftu að rökstyðja svörin sín til að kanna viðhorf þeirra til orðanna og hvort þeim fyndist málnotkun tengjast kynjajafnrétti.

Í fyrsta kafla er ritgerðarefnið kynnt rækilega. Í öðrum kafla er skoðað hvernig samfélagsþróun hefur haft áhrif á tungumál. Þar er fjallað um þróun kynja í starfsheitum í ensku, kínversku og spænsku. Þá er skoðað hvort kyn starfsheita hafi breyst í takt við ný kynjahlutverk, t.d. hvort breytingar á starfsheitum ná yfir konur og kynsegin fólk. Í þriðja kafla er fyrst fjallað um ólíka flokka kyns, en því næst er jafnrétti kynjanna skoðað í íslensku og notkun seinni liðarins *-maður* skoðuð í málinu. Í fjórða kafla er rannsóknin kynnt, þar er fjallað um starfsheitin sem eru rannsökuð og uppbyggingu spurningarkönnunarinnar sem var lögð fyrir þátttakendur. Í fimmta kafla eru rannsóknarniðurstöður birtar og greindar. Í lokaorðum er efni ritgerðar og rannsóknar dregið saman í stuttu máli.

## Abstract

In this dissertation, professions in Icelandic are studied in relation with language and gender equality. The results of a research study that was conducted are presented. A questionnaire survey was designed to examine the language use and opinion of Icelandic native speakers on job titles, specifically the use of *-maður* and *-kona* as a second part of compound words. In one section of the survey, participants were asked to fill in the blanks the profession that was missing. In the next section, participants were asked to choose the most appropriate profession from multiple choices. The same sentences were given in both parts. The aim was to explore which professions the participants use less consciously and more consciously when referring to job titles of people of different genders. In the last section of the survey, there were questions about the research topic where participants had to justify their answers. This was done in order to study their attitudes towards the words that refer to professions and whether they thought language use was related to gender equality.

In the introduction, the research topic and the structure of the dissertation are introduced thoroughly. In the second chapter, it is discussed how the development of the society has affected languages. The development of gender in nouns that designate professions is briefly presented for English, Chinese and Spanish. We see whether the gender of job titles has changed in line with new gender roles, e.g. whether those changes cover women and transgender people. In the third chapter, different groups of gender are first presented; then, gender equality in Icelandic is analysed as well as the use of *-maður* in the language. In the fourth chapter, the research study is presented; the different professions that are the subject of the study are presented and the structure of the questionnaire survey is explained. In the fifth chapter, results of the research study are presented and analysed. In the final conclusions, the research topic and results are summarised briefly.

## Formáli

Þessi ritgerð er lögð fram til B.A.-prófs í íslensku sem öðru máli frá Hugvísindasviði Háskóla Íslands. Það hefur bæði verið krefjandi og skemmtilegt að skrifa hana, en sérstaklega áhugavert. Ég er mjög þakklát fyrir aðstoðina sem ég hef fengið í gegnum þetta verk.

Fyrst vil ég þakka leiðbeinanda mínum, Maríu Önnu Garðarsdóttur, adjunkt í íslensku sem öðru máli fyrir að hafa alltaf verið til í að hjálpa og leiðbeina mér, fyrir áhuga á viðfangsefninu og góðan stuðning meðan ég var að læra íslensku og svo að skrifa ritgerðina. Einnig vil ég þakka Gísla Hvanndal fyrir hjálpina, hvatninguna og góðar ábendingar við ritgerðarskrifin.

Ég vil þakka öllum sem tóku þátt í könnuninni, einnig fjölskyldu, vinum og þeim sem hjálpuðu mér að deila henni, án þeirra hefði þetta ekki verið hægt.

Síðast en ekki síst vil ég þakka Degi sem hefur sérstaklega hvatt mig á meðan ég lagði lokahönd á verkið.

# Efnisyfirlit

<b>1. Inngangur</b> .....	11
<b>2. Menn eða konur</b> .....	13
2.1 Sögulegt yfirlit.....	13
2.2 Kvenkyns nafnorð yfir starfsheiti.....	16
2.2.1 Enska.....	16
2.2.2 Kínverska.....	18
2.2.3 Spænska.....	19
<b>3. Íslenska</b> .....	21
3.1 Ólíkir flokkar kyns.....	21
3.1.1 Málfræðilegt kyn.....	21
3.1.2 Merkingarlegt kyn.....	23
3.1.3 Tilvísandi kyn.....	23
3.1.4 Félagslegt kyn.....	23
3.2 Nafnorðið <i>maður</i> og starfsheiti. Eru menn líka konur?.....	24
3.2.1 Fræðileg umfjöllun um starfsheiti.....	25
3.2.2 Samfélagsumræða um starfsheiti.....	26
3.3 Breytingar í íslensku vegna aukins jafnréttis.....	29
3.4 Jafnrétti kynjanna á Íslandi og í íslensku.....	30
<b>4. Rannsóknarefnið</b> .....	32
4.1 Starfsheiti með tilliti til líffræðilegs og málfræðilegs kyns.....	33
4.1.1 Starfsheiti með eitt málfræðilegt kyn .....	34
4.1.2 Starfsheiti með tvö eða þrjú málfræðileg kyn.....	34
4.2 Könnun.....	36
4.2.1 Persónuupplýsingar.....	37
4.2.2 Hvaða orð vantar? .....	37
4.2.2.1 Setningar með orðum sem verða rannsökuð.....	37

4.2.2.2 Setningar með orðum sem verða ekki rannsökuð.....	40
4.2.3 Hvaða orð finnst þér passa best?.....	39
4.2.4 Viðhorf þátttakenda.....	40
<b>5. Rannsóknarniðurstöður.....</b>	<b>41</b>
5.1 A-hluti: Persónuupplýsingar.....	41
5.2 B-hluti: Hvaða starfsheiti vantar? .....	43
5.3 C-hluti: Hvaða orð finnst þér passa best? .....	51
5.4 D-hluti: Spurningar um rannsóknarefnið.....	58
5.4.1 Notar þú oft <i>-maður</i> eða <i>-kona</i> í starfsheitum þegar þú vísar til kvenna? .....	58
5.4.2 Notar þú <i>-maður</i> í starfsheitum þegar þú vísar til fólks af óþekktu kyni? .....	59
5.4.3 Finnst þér málnotkun tengjast jafnrétti kynjanna?.....	60
<b>6. Lokaorð.....</b>	<b>62</b>
<b>Heimildaskrá.....</b>	<b>64</b>
<b>Viðauki 1.....</b>	<b>71</b>
<b>Viðauki 2.....</b>	<b>78</b>
<b>Viðauki 3.....</b>	<b>81</b>



## Töfluskrá

Tafla 1. Breytingar á orðunum sem voru samþykktar um titla og heiti innan Stúdentaráðs (Grétar Þór Sigurðsson, 2018).....	29
Tafla 2. Samsett orð með <i>-manneskja</i> sem seinni lið samsetningar.....	33
Tafla 3. Starfsheiti með eitt málfræðilegt kyn sem vísar til karla og kvenna.....	34
Tafla 4. Starfsheiti með tvö eða þrjú málfræðileg kyn.....	35
Tafla 5. Fjöldi leitarniðurstaðna nokkurra orða.....	36
Tafla 6. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa – nokkur starfsheiti.....	44
Tafla 7. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa – nokkur starfsheiti.....	44
Tafla 8. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa – nokkur starfsheiti.....	45
Tafla 9. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa – nokkur starfsheiti.....	46
Tafla 10. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa – nokkur starfsheiti.....	46
Tafla 11. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa – nokkur starfsheiti.....	47
Tafla 12. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa – nokkur starfsheiti.....	47
Tafla 13. Hlutfall á milli kynja og aldurshópa – nokkur starfsheiti.....	48
Tafla 14. Hlutfall á milli kynja og aldurshópa – nokkur starfsheiti.....	49
Tafla 15. Hlutfall á milli kynja og aldurshópa – nokkur starfsheiti.....	49
Tafla 16. Hlutfall á milli kynja og aldurshópa – nokkur starfsheiti.....	50
Tafla 17. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa í b-hluta og c-hluta.....	54
Tafla 18. Hlutfall á milli aldurshópa í b-hluta og c-hluta – konur – nokkur starfsheiti.....	55
Tafla 19. Hlutfall á milli aldurshópa í b-hluta og c-hluta – konur – nokkur starfsheiti.....	56
Tafla 21. Hlutfall á milli aldurshópa í b-hluta og c-hluta – karlar.....	57
Tafla 22. Meðalhlutfall aldurshópa kvenna og karla fyrir spurningu 1.....	58
Tafla 23. Hlutfall ólíkra aldurshópa fyrir spurningu 1 – konur.....	59
Tafla 24. Hlutfall ólíkra aldurshópa fyrir spurningu 1 – karlar.....	59
Tafla 25. Meðalhlutfall aldurshópa kvenna og karla fyrir spurningu 2.....	59
Tafla 26. Hlutfall aldurshópa fyrir spurningu 2 – konur.....	60
Tafla 27. Hlutfall aldurshópa um spurningu 2 – karlar.....	60
Tafla 28. Meðalhlutfall aldurshópa kvenna og karla fyrir spurningu 3.....	60
Tafla 29. Hlutfall aldurshópa um spurningu 3 – konur.....	61
Tafla 30. Hlutfall aldurshópa um spurningu 3 – karlar.....	61

Tafla 31. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa.....	81
Tafla 32. Hlutfall á milli kynja og aldurshópa – konur.....	83
Tafla 33. Hlutfall á milli kynja og aldurshópa – karlar.....	85
Tafla 34. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa í b-hluta og c-hluta.....	87
Tafla 35. Hlutfall á milli aldurshópa í b-hluta og c-hluta – konur.....	89
Tafla 36. Hlutfall á milli aldurshópa í b-hluta og c-hluta – karlar.....	90

## Myndaskrá

Mynd 1. Kyn þátttakenda.....	41
Mynd 2. Aldur þátttakenda.....	42
Mynd 3. Aldur og kyn þátttakenda.....	42

## 1. Inngangur

Jafnrétti kynjanna er mikilvægt mál í samfélagsumræðunni. Á 21. öld hefur jafnrétti kynjanna ekki enn verið náð en hins vegar er baráttan fyrir jafnrétti á hverjum degi sterkari og sýnilegri í mörgum samfélögum. Árið 2020 voru heildarlaun kvenna á klukkustund að meðaltali 13% lægri en karla í Evrópusambandinu, nákvæmlega sama og á Íslandi, eins og sýnt er í *Eurostat*. Samkvæmt *World Economic Forum's Global Gender Gap Report 2021* verða enn fleiri kynslóðir kvenna að bíða eftir kynjajafnrétti því *Covid-19* hafði þau áhrif að tíminn sem líður þar til launamisrétti hefur verið útrýmt hefur lengst úr 99,5 árum í 135,5 ár. Spurningin er, tengjast tungumál jafnrétti og eru þau mikilvæg fyrir jafnréttisbaráttu? Er nauðsynlegt að aðlaga tungumál breyttum tímum þegar það hallar á ákveðna þjóðfélagshópa? Samkvæmt Saussure „hefur menning þjóðar áhrif á tungumálið en tungumálið, á hinn bóginn, er að mestu ábyrgt fyrir þjóðinni“ (1959:20).

Samfélagið hefur augljóslega áhrif á tungumál og þess vegna geta tungumálin sýnt okkur hvernig samfélagið þróast á mörgum sviðum, til dæmis þegar ný tækni birtist og við byrjum að nota orð eins og *dróni* eða *lógó* en hættum að mestu leyti að tala um *orf og ljá*. Einnig mætti nefna að áður talaði fólk um *fávita* og *kynvillinga*, en tala nú um *fólk með þroskahömlun* og *samkynhneigða*. Þóra Björk Hjartardóttir (2004) hefur skrifað um þróun orðaforða yfir málefni sem þykja viðkvæm. Hér sjáum við hvernig tungumál breytast í takt við breytt samfélag. Staða kynjanna í samfélaginu endurspeglast mjög oft í tungumálum í gegnum orð. Skýrt dæmi um málbreytingu í þessu samhengi er t.d. myndun orða í kvenkyni þegar konur fá hlutverk á nýju sviði, svo sem atvinnutengdu, og ný orð koma fram til að lýsa því. Eins og Gómez Torrego (2011:8) orðar það þá eru tungumálin speglar þar sem samfélag horfir á sjálft sig og orðin eru vitnisburður sögunnar. Öll félagsleg breyting getur af sér ný orð og orðasambönd, kynnir erlend orð og getur jafnvel haft áhrif á byggingu málsins. Þérun er að mestu horfin í íslensku málsamfélagi en er enn notuð við formlegar aðstæður á Spáni, þó hún sé mun sjaldgæfari en áður. Stundum eru málbreytingar samþykktar en ekki alltaf, enda ganga þær oft gegn þeim reglum sem hafa verið ríkjandi í málinu.

Í ritgerðinni verða rannsókuð starfsheiti í íslensku sem vísa til kvenna og karla; sérstaklega notkun *-maður* og *-kona* sem seinni hluta samsettra orða. Markmiðið er að kanna notkun og skoðun íslenskra móðurmálshafa á starfsheitum, með tilliti til líffræðilegs og málfræðilegs kyns. Orðin sem verða rannsókuð skiptast í tvo flokka:

annars vegar starfsheiti með eitt málfræðilegt kyn sem vísa til karla, kvenna og kynsegin, t.d. ráðherra og ljósmóðir; hins vegar starfsheiti með tvö málfræðileg kyn þar sem annað er stundum opinbera starfsheitið en hitt óformlegra eða úrelt; t.d. kennari (opinbert) og kennslukona, eða blaðamaður (opinbert) og blaðakona. Í einhverjum tilfellum er kvenkynið nýtt en í öðrum er það úrelt. Könnun verður lögð fyrir þátttakendur til að kanna viðhorf þeirra til orðanna. Hvaða orð nota þátttakendur þegar þeir vísa til starfsheita ólíkra kynja? Finnst þátttakendum orðaval sitt tengjast kynjajafnrétti?

Í fyrsta kafla er ritgerðarefnið kynnt rækilega. Í öðrum kafla er skoðað hvernig samfélagsþróun hefur haft áhrif á tungumál. Þar er fjallað um þróun kynja í starfsheitum í ensku, kínversku og spænsku. Þá er skoðað hvort kyn starfsheita hafa breyst í takt við ný kynjahlutverk, t.d. hvort breytingar á starfsheitum ná yfir konur og kynsegin fólk. Í þriðja kafla er jafnrétti kynjanna skoðað í íslensku og notkun seinni liðarins *-maður* skoðuð í málinu. Í fjórða kafla er rannsóknin kynnt, þar er fjallað um starfsheitin sem eru rannsökuð og uppbyggingu spurningarkönnunarinnar sem var lögð fyrir þátttakendur. Í fimmta kafla eru rannsóknarniðurstöður birtar og greindar. Í lokaorðum er efni ritgerðar og rannsóknar dregið saman í stuttu máli.

## 2. Menn eða konur

Í þessum kafla verður fjallað um það hvernig samfélagsþróun hefur haft áhrif á tungumálið. Við skoðum einkum hvernig önnur orð hafa leyst af hólmi orðið *maður* í öðrum tungumálum, sem almennt heiti um mannfolk, sérstætt og í samsettum orðum. Í kafla 2.1 verður rannsóknarefnið skoðað í sögulegu samhengi og farið yfir ýmislegt markvert sem hefur verið skrifað um efnið; í kafla 2.2 og undirköflum verður efnið skoðað í ensku, kínversku og spænsku.

### 2.1 Sögulegt yfirlit

Árið 1791 skrifaði Olympe de Gouges yfirlýsingu um réttindi kvenna (*Déclaration des Droits de la Femme et de la Citoyenne*) til að bregðast við yfirlýsingu um réttindi manna og borgara sem var skrifuð árið 1789 (*Déclaration des Droits d l'homme et du citoyen*). De Gouges var frönsk stjórnmalakona og rithöfundur sem barðist fyrir lagalegu jafnrétti kvenna og karla. Henni fannst ekki jafnrétti fólgið í því að nota orðið *maður* (*homme*) til að vísa til karla/manna og kvenna. Síðan hefur svipuð umræða átt sér stað í mörgum tungumálum. Sumir segja að það sé ekki mikilvægt að nota annað orð en *maður* af því að það merkir *mannvera* og konur og karlar eru menn. Í sumum tungumálum hefur málnotkun verið breytt og orðið *maður* er aðeins notað til að vísa til karla og í staðinn eru notuð orð sem eru samsvarandi *manneskja*, *mannvera*, *fólk*, til að vísa til allra; í samsettum orðum er notað orðið *-kona* til að vísa til kvenna.

Eleanor Roosevelt, ásamt átta körlum, var meðlimur í Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna (SP) til að semja texta fyrir Mannréttindayfirlýsinguna (*United Nations*, 1948). En það voru fleiri konur sem lögðu sitt af mörkum til textans. Hansa Mehta, félagsráðgjafi, kennari og talskona kvenréttinda á Indlandi, lagði til að 1. gr., sem flestir kannast við, yrði eftirfarandi: „*All human beings are born free and equal in dignity and rights.*“ Eins og António Guterres (2018), aðalframkvæmdastjóri SP, benti á í tilefni af 70 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingarinnar, þá hefði greinin orðið svohljóðandi ef ekki hefði verið fyrir breytingartillögu Hansa: „*All men are born free and equal in dignity and rights.*“

Simone de Beauvoir (1949) fjallar um meðferð á konum í gegnum tíðina í bók sinni *Hitt kynið* (*Le Deuxième Sexe*). Hún bendir á að hlutverk kvenna í samfélaginu var aðallega í þjónustu og umönnun, þær voru háðar körlum efnahagslega og félagslega og

Þess vegna voru þær án valds og frelsis. Þar skrifaði hún fræg orð sem hafa verið mjög mikilvæg fyrir jafnréttisbaráttu kvenna: Við fæðumst ekki konur heldur verðum konur.

Lakoff hélt því fram í grein sinni *Language and woman's place* að tungumál léki stórt hlutverk í misrétti kynjanna. Lakoff bendir á að jöðrun og vanmáttur kvenna endurspeglar bæði í því hvernig gert er ráð fyrir að konur tali og hvernig talað er um konur. Varðandi hlutlausu notkun fornafnsins *hann* segir Lakoff að slík notkun útiloki konur, láti þeim líða sem óæðri eða tegund sem er ekki til (1973:75).

Spender (1980:160) bendir á að það sé ekki eðlilegt að vísa til kvenna með því að nota *hann* eða *maður* vegna þess að konur eru ekki menn. Þegar íslenskar konur byrjuðu að ganga í störf sem menn höfðu unnið áður var hugmyndin sú að konur ættu ekki að hafa sérstök starfsheiti af því að konur eru jafnar körlum og notað var fræga kjörorðið „konur eru líka menn“. Það þótti óþarfi að breyta viðskeytinu *-maður* þegar talað var um konu; hún er blaðamaður og það þarf ekki að kalla hana blaðakonu. Í dag er þetta viðhorf enn við lýði hjá mörgum. Margrét Gústavsdóttir (2003) segir að þegar þetta sé gagnrýnt „að konur séu líka menn“ þá sé alltaf vitnað í orðið *kvenmenn* og hún segir að það sé alger undantekning að orðið *kvenmaður* sjáist á prenti eða sé notað í daglegu tali. Hún segir að oftast sé talað um konur sem konur og karla sem menn en ekki kvenmenn og karlmenn.

Samkvæmt Mills (1995:66) er það frekar ruglingslegt heldur en skýrt að nota *hann* sem ómarkað fornafn. Í sumum tilvikum er ekki ljóst hvort tilvísunin er raunverulega almenn eða aðeins karlkyns. Ennfremur eru ómörkuð fornöfn oft notuð á kynjaðan hátt þegar þau vísa til fólks sem vinnur störf sem eru oftast tengd við ákveðið kyn.

‚If a physics lecturer needs a lab. assistant, he should contact the secretary’ and ‚A secretary is permitted to smoke in her own office.’

(Mills, 1995:66)

Það er líka algengt að gera ráð fyrir að viðkomandi sé karlmaður þegar kyn þess sem vísað er til er óþekkt. Í eftirfarandi dæmi veit B ekki kyn leikstjórans og gerir ráð fyrir að allir leikstjórar séu karlmenn. Það gæti skipt máli að aftengja ákveðin starfsheiti karlkyni í þágu jafnréttis.

1. A: ‚I’m going to complain to the director.’

2. B: ‚Do you think he’ll be able to do anything?’

Mills (1995:66)

Mills (1995:95) bendir á að orðabókarhöfundar hafi aðallega komið úr millistétt hvíttra miðaldra manna; og orðin sem þeir velja inn í orðabækur endurspegli líklega fordóma og óskir orðabókarhöfunda. Það endurspeglast ekki aðeins í orðunum heldur í því hvort orðið er markað eða ómarkað. Þessa karlkyns yfirburði má til dæmis sjá hjá opinberri málnefnd Spánar, *Real Academia Española* (RAE), þar sem eru 40 meðlimir og aðeins 7 eru konur. Samkvæmt *Europa press* (2020) var RAE stofnuð árið 1713 og síðan þá hafa verið tæplega 500 meðlimir í málnefndinni og þar af aðeins 11 konur. Það var árið 1978 sem fyrsta konan var valin, Carmen Conde, og í opnunarræðu sinni vildi hún draga fram vanlíðan sína vegna mismununar kvenna í stofnuninni. Það er RAE sem ritstýrir spænsku orðabókinni *Diccionario de la lengua española*. Í nútímasamfélagi getur almenningur kallað fram breytingar og sem dæmi um það ákvað RAE að breyta skilgreiningu í orðabókinni eftir ákall á *change.org* (2017). Í skýringu númer fimm á lýsingarorðinu *auðveldur* var skrifað: *mujer fácil* (auðveld kona): „kona sem vandræðalaust er til í kynlíf“. En þessari skilgreiningu var breytt árið 2018 og í dag stendur „*manneskja*“ í staðinn fyrir *kona* (Manuel Morales, 2018).

Þóra Björk Hjartardóttir (2004:96) segir að samfélagsbreytingar hafi haft áhrif á orðafar í gegnum tíðina. Samkvæmt henni verða oft breytingar sem eiga við nýjan veruleika og viðmið sem gamla orðið fangar ekki lengur. En stundum er erfitt að samþykkja tungumálabreytingar. Þegar tillögur eru settar fram til að gera konur sýnilegar er ekki verið að reyna að brjóta málfræði segir Demonte (2012). Eins og hún orðar það snýst þetta ekki um málfræði heldur um notkun tungumálsins sem felur í sér félagslega og sálræna þætti.

Menegatti og Rubini (2017) benda á að tungumálin hafi beina tengingu við jafnrétti. Þær segja að tungumál séu ein sterkasta leiðin til þess að láta í ljós kynbundna fordóma og að það sé nauðsynlegt að nota mál allra kynja til að draga þeim úr; tungumál endurskapi meira vald í þágu karla í samfélaginu, til dæmis þegar við notum karlkyns nafnorð og fornöfn með almenna virkni til að vísa til bæði karla og kvenna. Að þeirra mati hefur þetta neikvæð áhrif á konur af því að þær hverfa. Slík útilokun hefur auðvitað áhrif á alla sem mynda samfélagið.

Eiríkur Rögnvaldsson (2020) segir að það sé nauðsynlegt að málnotendur finni til persónulegrar tengingar við tungumálið. Hann heldur því fram að íslenska þurfi að breytast og endurnýjast til að lifa áfram og til að þjóna þörfum samfélagsins. Samkvæmt



Eiríki (2017) eru mjög sterk tengsl málfræðilegs og líffræðilegs kyns í huga fólks og málfræðin stjórnar ekki upplifun þó að kynbeyging sé í grunninn málfræðilegs eðlis. Þegar fólk segir „öll eru mætt“ til dæmis er ekki verið að koma með neitt nýtt inn í málið af því að hvorugkynið er nú þegar til. Þetta er breyting á notkun málsins, ekki beinlínis breyting á málinu sjálfu, samkvæmt Eiríki (2017).

Nú verða, í næsta undirkafla gefin dæmi um breytingar á notkun starfsheita í þremur tungumálum, ensku, kínversku og spænsku.

## 2.2 Kvenkyns nafnorð yfir starfsheiti

Þegar konur byrjuðu að starfa í atvinnugreinum sem voru áður aðeins aðgengilegar fyrir karla þá fóru einnig að birtast ný hugtök til að vísa til þeirra í nýju starfi. Í köflum 2.2.1 skoðum við breytingar sem birtust í ensku, í 2.2.2 í kínversku og í 2.2.3 í spænsku.

### 2.2.1 Enska

Á áttunda áratugnum áttu sér stað nokkrar breytingar í tungumálinu, sem Suderland (2006:11–12) fjallar um. Fólk byrjaði til dæmis að nota ‘Ms’ sem titill fyrir konur, giftar eða einhleypar; orð eins og ‘manager’, ‘spokesperson’ og ‘chairperson’ til að vísa til kvenna og karla; ‘he or she’ and ‘s/he’ til að koma í veg fyrir ‘generic he’. Suderland minnst einnig á notkun ‘singular they’ sem kemur einnig í veg fyrir ‘generic he’ og var lýst í *The Comprehensive Grammar of the English Language* (1985). Í orðabókinni *Merriam-Webster* (2021) er einnig fjallað um notkun ‘singular they’ til að vísa til fornafna eins og ‘everyone’ af því að þau fela í sér fleirtölu og vísa ekki til kyns. *They* var notað til að vísa til slíkra orða í ensku þangað til málfræðingar á 18. öld ákváðu að breyta því vegna þess að fyrir þá var mikilvægara að halda samræmi í tölu en samræmi í kyni.

Samkvæmt Lei (2006:91) fela starfsheiti og titlar sem enda á *-man* í sér nærveru kvenna. Lei gefur mismunandi valkosti, svo sem *-woman* eða *-person* í staðinn fyrir að nota *-man* í samsettum orðum; *chairman/chairwoman/chairperson*, eða notkun á hlutlausu orði eins og *officer* í orðinu *police officer*.

Ef við leitum að orðunum *policeman*, *policewoman* og *police officer* í orðabókum, er lýsingin á þessa leið í *Merriam-Webster*:

policeman: a member of a police force  
policewoman: a woman who is a member of a police force  
police officer: a member of a police force

Hins vegar er skilgreiningin á *policeman* sértækari í *Lexico Dictionary* og *Oxford Learner's Dictionary* og nær aðeins til karlmanna. Á hinn bóginn er skilgreiningin á *police officer* útilokandi fyrir kynsegin fólk í *Lexico Dictionary*, enda er gert ráð fyrir kynjatvíhyggju í öllum skilgreiningunum:

policeman: a male member of a police force  
policewoman: a female member of a police force  
police officer: a policeman or policewoman

Í *Oxford Learner's Dictionary* stendur:

policeman: a male police officer  
policewoman: a female police officer  
police officer: a member of the police

Flood (2016) skrifaði pistil í *The Guardian* þar sem því var haldið fram að dæmi um notkun sumra orða í *Oxford Dictionary* væru fordómafull, en dæmin hafði mannfræðingurinn Oman-Reagan upphaflega skrifað um.

‘rabid: rabid feminist’  
‘shrill: the rising shrill of women’s voices’  
‘psyche: I will never really fathom the female psyche’  
‘doctor: he was made a Doctor of Divinity’  
‘research: he prefaces his study with a useful summary of his own researches’  
‘housework: she still does all the housework’  
‘grating: her high, grating voice’  
‘nagging: a nagging wife’  
‘promiscuous: she’s a wild, promiscuous, good-time girl’

Oman-Reagan (2016) *tweetaði* það til útgefandans og lagði til að skilgreiningunum yrði breytt. Fyrsta svarið sem kom frá *Oxford Languages* á *Twitter* var ekki jákvætt, það var frekar móðgandi. Svo baðst *Oxford Languages* afsökunar og sagði að svarið þeirra væri „flippant” og og þau ætluðu að endurskoða dæmi sem gefin eru með orðunum. Þau

tilkynntu á *Twitter* að dæmin tákni ekki skoðanir *Oxford University Press*, og að þau ætluðu að finna dæmi sem endurspegli orðanotkun samtímans.

### 2.2.2 Kínverska

Á kínversku er táknið 人 (*rén*) notað um „manneskju, mann“. Hins vegar merkir það einnig „karlmaður“ eins og á íslensku. Einnig er hægt að bæta við forskeyti, 男人 (*nánrén*), sem merkir þá karlmaður og 女人 (*nǚrén*) sem merkir kvenmaður. Sú staðreynd að sérstakt forskeyti þurfi til að tala um konu en að hægt sé að sleppa því og nota aðeins 人 (*rén*) um karl sýnir okkur hvernig sagan hefur enn áhrif á tungumál dagsins í dag. Í kínversku eru mörg starfsheiti sem eru ekki sérstaklega merkt með kyni en tilheyrðu sögulega séð karlmönnum. Mörg þeirra hafa fengið forskeytið kven-, 女 (*nǚ*), nú þegar konur gegna þessum störfum jafnt sem karlmenn; sem dæmi er rithöfundur, 作家 (*zuòjiā*), en 女作家 (*nǚzuòjiā*) er kvenkyns rithöfundur. Það væri meira jafnvægi fólgið í því að nota almennt eitt orð fyrir bæði kyn, eins og til dæmis 作家 (*zuòjiā*) til að tala um rithöfund, og bæta við forskeyti fyrir bæði kyn ef þörf er á aðgreiningu: 男作家 (*nánzuòjiā*) eða 女作家 (*nǚzuòjiā*). Þetta er einmitt raunin með orðið 孩子 (*háizi*) „barn“. Forskeyti er bætt við til að greina milli stráks og stelpu en einnig er hægt að sleppa því og er þá kynið ekki tilgreint sérstaklega. Barn er 孩子 (*háizi*), en 男孩子 (*nán háizi*) þýðir „strákur“ og 女孩子 (*nǚ háizi*) merkir „stelpa“.

Mörg kínversk tákni, þar sem kona/kven (rót á kínversku) er rót orðsins, hafa neikvæða merkingu, til dæmis 嫉 (*jí*) sem þýðir „öfund“ eða „afbrýðisemi“, 嫫 (*niāo*) sem þýðir „að trufla, angra“; önnur tengjast til dæmis skyldleika eða móðurhlutverki. Táknið 嫉 (*jí*) samanstendur af tveimur táknum: kona og veikindi. Þannig að hugmyndin á bak við táknið gæti verið að öfund sé kvennaveikindi. Táknið 嫫 (*niāo*) samanstendur af þremur táknum, það er kona á milli tveggja manna. Hugmyndin virðist sem sagt sú að kona eigi ekki að vera á milli manna af því að það hafi truflandi áhrif. Hér getum við augljóslega séð hvernig staða kvenna í samfélaginu endurspeglast í tungumálinu. Femínistahreyfingar hafa lagt til að rótinni 女 (*nǚ*) verði skipt út fyrir 歹 (*dǎi*) sem merkir „vont“ í orðum neikvæðrar merkingar (Martínez-Robles, 2007:254).

### 2.2.3 Spænska

Í spænsku hefur breyting á málfræðilegum kynjum orða átt sér stað í þeim tilgangi að gera konur sýnilegar og ná yfir þær, m.a. í störfum sem konur sinna nú en karlar sinntu nær eingöngu áður. Í spænsku er auðveldara að bæta við kvenkyni heldur en á íslensku af því að flest orð sem vísa til fólks geta haft kvenkyns- og karlkynsendingu, og hvorugkyn er ekki til, t.d. er læknir *médico* í karlkyni og *médica* í kvenkyni. Í *Diccionario panhispánico de dudas* (DPD, orðabók á vegum RAE) stendur að nafnorð fyrir starfsheiti sem enda á *-o* eigi venjulega að hafa *-a* í kvenkyni og dæmi sem eru gefin: *bombero/bombera* (slökkviliðsmaður<sup>1</sup>), *médico/médica* (læknir), *ministro/ministra* (ráðherra), *ginecólogo/ginecóloga* (kvensjúkdómalæknir).

Í raun eru spænsk starfsheiti líkari lýsingarorðum í íslensku að þessu leyti en þó mætti bera þau saman við samsett nafnorð sem hafa *-maður* og *-kona* sem seinni lið. Í spænsku er sumt fólk byrjað að nota endinguna *-e*, til þess að ná yfir öll kyn, þó *-e* sé ekki opinberlega samþykkt; þá eru þrjár endingar (*-o* kk., *-a*, kvk., og *-e* hvk. eða kynhlutlaust), t.d. *bombero/bombera/bombere* sem þýðir þá „slökkviliðsmaður” af hvaða kyni sem er. Þannig myndi sumt fólk nota orðið *\*bombere* (*\*slökkviliðsmanneskja*) en aðallega í talmáli eða á netinu. Endingin *-e* er þó ekki alveg nýjung í spænsku því nokkur starfsheiti enda sögulega á *-e* og halda þeirri endingu í karlkyni og kvenkyni, svo sem *cantante* (söngvari), en *\*cantanto* eða *\*cantanta* eru ekki til. Þessi orð eru leidd af lýsingarhætti nútíðar sagnorða. Í sumum tilfellum hefur orðið þróun í þessum orðum eins og í orðinu *presidente* (forseti) þar sem *-e* endingin er notuð aðeins þegar vísað er til karlmanns, og *-e* breytist í *-a* þegar það er talað um konur, þ.e. í kvenkyni er notað orðið *presidenta*.

Svona hefur þetta þó ekki alltaf verið í spænsku. Eins og Acín-Villa (2005:159) bendir á var það árið 1984 sem kvenkyns nafnorð fyrir starfsheiti birtust í orðabókinni *Diccionario de la lengua española*, t.d. *abogada*, *médica*, *arquitecta* (lögfræðingur, læknir, arkitekt), en höfðu áður aðeins verið til sem starfsheiti í karlkyni: *abogado*, *médico*, *arquitecto*. Þessi kvenkynsorð voru í raun til en ekki sem starfsheiti heldur sem kona mannsins sem gegndi viðkomandi starfi. Til dæmis er orðið *médica* ennþá skráð í lýsingu númer þrjú í RAE sem kona læknis, en sem úrelt orð í dag. Þó er til fólk sem er ekki sammála þessu og vill áfram nota karlkynsendingarnar en greini í kvenkyni, til

---

<sup>1</sup> Orðið *slökkviliðskona* er ekki að finna á malid.is, safni orðabóka, og því er það ekki haft með sem skilgreining.

dæmis: *la médico* en ekki *la médica*. Heiti margra starfsstétta sem nutu virðingar voru aðeins til í karlkyni og það er líklega ástæðan fyrir því að það eru jafnvel konur sem vilja frekar nota orðið í karlkyni með greini í kvenkyni. Aftur á móti voru starfsheiti eins og bakari (*panadero, panadera*) til í báðum kynjum og notkun orðsins er alltaf í kvenkyni með greini, *la panadera* þegar vísað er til kvenna. Samfélagsálitið getur einnig útskýrt mótstöðu sumra kvenna sem vinna sem lögfræðingar, arkitektar eða læknar, við þessari breytingu málsins og nota enn karlkyns nafnorð til að vísa til starfsheitis síns. Gómez Torrego (1993) og Calero Fernández (1999), meðal annarra, segja að þessi notkun hafi mótsagnakenndar afleiðingar. Annars vegar vilja konur tilheyra virtum félagslegum hópi, en stuðla hins vegar að afneitun á eigin sjálfsmynd. En það er áhugavert að sjá hvernig karlkyns starfsheitum sem eru mynduð út frá kvenkynsnafnorðum er hafnað. Þau fá ekki sömu stöðu í málinu af því að þau eru leidd af kvenkyns orðum eins og García Mouton (2003:217) útskýrir. Til dæmis má nefna orðið *azafata*, sem er leitt af kvk. *azafata* (flugfreyja), en karlkynsorðið er ekki mikið notað heldur frekar orðið *auxiliar de vuelo* (flugliði) þegar við tölum um karlmenn.

Hvernig eru þau fyrirbæri, sem hér hafa verið rædd, í íslensku í dag? Kjósa Íslendingar almennt að nota *-maður* til að vísa til starfsheitis, eða nota þeir frekar *-fólk* eða *-manneskja* í almennri merkingu og *-kona* þegar það á við? Telja Íslendingar nauðsynlegt að líffræðilegt og málfræðilegt kyn fari saman þegar starfsheiti eru notuð?

Í rannsókninni sem er til umfjöllunar í ritgerðinni, og gerð verður skil í köflum 4 og 5, verður leitast við að svara þessum spurningum. En áður en að því kemur verður í næsta kafla hugað að skilgreiningu á kyni; einkum er talað um kyn í íslensku og það sett í samhengi við jafnrétti kynjanna.

### 3. Íslenska

Í þessum kafla verður íslenska kynjakerfið, starfsheiti og notkun seinni liðanna *-maður* og *-kona* í íslensku skoðað. Einnig verður fjallað um jafnrétti kynjanna. Í kafla 3.1 verður fjallað um kyn í íslensku: málfræðilegt, merkingarlegt, tilvísandi og félagslegt kyn; í kafla 3.2 verður nafnorðið *maður* skoðað, sérstaklega hvernig það er notað sem seinni liður í starfsheitum í íslensku, í undirköflum, 3.2.1 og 3.2.2, verður fræðileg umfjöllun og samfélagsumræða um starfsheiti skoðuð; í kafla 3.3 verður fjallað um breytingar sem hafa átt sér að stað í tungumálinu í nafni aukins jafnréttis. Í síðasta kafla, 3.4, verður fjallað um jafnrétti kynjanna á Íslandi.

#### 3.1 Ólíkir flokkar kyns

Þegar fólk er að læra íslensku sem annað tungumál og lærir starfsheiti er stundum erfitt að skilja hvað málfræðilegt kyn þýðir nákvæmlega. Líffræðilegt kyn á við um lífverur en málfræðilegt kyn á aðeins við um málfræðilega flokkun, og þessi kyn fara ekki sérstaklega saman í íslensku. Dæmi um þetta er sú staðreynd að það er ekki málfræðilega rétt að segja \*, „*kennarinn minn er góð*“ þegar kennarinn er kona. Þetta er vegna þess að málfræðilegt kyn lýsingarorðsins *góð* er kvenkyn (og vísar í raun til líffræðilegs og málfræðilegs kyns orðsins *kona*), en orðið *kennari* er hins vegar málfræðilega karlkyn. Þannig er misræmi á milli málfræðilegs kyns nafnorðsins og lýsingarorðsins sem vísar til þess, þar sem ætti að vera samræmi samkvæmt formlegum reglum málsins.

Anna Helgadóttir (2011:52) segir starfsheitið *kennari* sé oft tengt kvenkyni vegna þess að konur gegni oftar starfinu en karlar. Anna tekur einnig mörg sambærileg dæmi þar sem lýsingarorð og fornöfn eru höfð í kvenkyni þó að þau vísi til starfsheitis í karlkyni.

Hellinger og Bussmann (2001:6) skilgreina fjóra flokka kyns í tungumáli: málfræðilegt kyn (*e. grammatical gender*), merkingarlegt kyn (*e. lexical gender*), tilvísandi kyn (*e. referential gender*) og félagslegt kyn (*e. social gender*). Hér verða þessir flokkar nánar skilgreindir.

##### 3.1.1 Málfræðilegt kyn

Málfræðilegt kyn er beygingarformdeild í flestum fallorðum en það er orðasafnsþáttur í nafnorðum, þ.e. nafnorð eru yfirleitt í einu föstu kyni sem stjórnar kynjasamræmi milli

nafnorðsins og tengdra orða svo sem greinis, lýsingarorðs, fornafns, lýsingarháttar sagnorða eða töluorðs.

Í íslensku kynjakerfi eru þrjú málfræðileg kyn: karlkyn, kvenkyn og hvorugkyn, bæði í eintölu og fleirtölu, sem beygjast í fjórum föllum (nefnifalli, þolfalli, þágufalli og eignarfalli). Guðrún Þórhallsdóttir (2008:107) bendir á að þriggja kynja kerfið sé talið eiga uppruna sinn í eldra kerfi með tveimur kynjum: samkyni og hvorugkyni. Hún segir að hlutleysishlutverk karlkyns sé beinn arfur frá kynjakerfi indóevrópsku, karlkynið sé talið framhald af samkyni, og þess vegna hefur karlkynið í íslensku tvíþætt hlutverk: annars vegar getur það vísað til karlmanna (eða karlkyns nafnorða) og hins vegar gegnir það kynhlutleysishlutverki. Vegna þess er málfræðilega rétt að segja „allir velkomnir“ þegar við vísum til óþekkts hóps eða „enginn kom seint í tíma í gær“ þegar við tölum almennt um blandaðan hóp fólks. Hins vegar er sífellt algengara að heyra „öll velkomin“ í nútímaíslensku þegar vísað er til óþekkts hóps.

Ásta Svavarsdóttir (2018) spyr sig hvort notkun karlkyns sem ómarkaðs kyns sé aðeins málvenja sem hefur mótast vegna þess að karlar hafi verið í valdastöðu frá alda öðli. Dæmi sem hún sýnir er *Öll eru jöfn fyrir lögunum* og spyr sig hvort það gangi gegn málkerfinu eða stríði gegn rótgróinni málvenju.

Eiríkur Rögnvaldsson (2020) bendir á að tungumálið þurfi að endurspegla jafnréttisviðhorf samtímans þó að notkun karlkyns sem ómarkaðs kyns verði ekki auðveldlega breytt vegna þess að hún er svo inngróin í íslensku. Eiríkur (2013:148) segir þó að það megi líklega líta á hvorugkyn sem ómarkað kyn þegar það kemur fram í lýsingarorðssagnfyllingum ef frumlagið er heil setning. Hann tekur sem dæmi: *Að María skuli elska Jón er ótrúlegt*. Merkingin er sem sagt: *Það er ótrúlegt*. Þetta sést einnig þegar frumlagið er í aukafalli og sagnfyllingin samræmist því ekki í kyni: *Stelpunni/stráknum/barninu er kalt*. Einnig, eins og hann bendir á, má halda því fram að það sé ómarkað þegar vísað er til blandaðs hóps; *hann + hún* er hvorki *þeir* né *þær*, heldur *þau*. Sæmkvæmt honum er kvenkyn markaðast vegna þess að kvenkynið er aðeins notað í íslensku til að vísa til kvenna.

### 3.1.2 Merkingarlegt kyn

Merkingarlegt kyn vísar til líffræðilegs kyns í samhengi málfræðilegs kyns og það snýr að merkingarlega kynbundnum nafnorðum sem eiga við mannverur; þ.e. faðir og móðir eða stelpa og strákur. Ekki verður frekar fjallað um það hér.

### 3.1.3 Tilvísandi kyn

Tilvísandi kyn skilgreinir tilvísun sem ýmist karlkyn, kvenkyn eða hvorugkyn í íslensku. Ef við tölum um mann, þá getum við vísað til hans með því að nota til dæmis fornafnið *hann*. Í tungumálum með málfræðilegt kyn, eins og íslensku, er flókið samband á milli málfræðilegs og tilvísandi kyns sérstaklega þegar vísað er til starfsheitis.

Guðrún Þórhallsdóttir (2005) bendir á að karlkyn vísi oft til karlmannna og kvenkyn á sama hátt til kvenna en að auki segir hún að karlkyn gegni hlutleysishlutverki. Karlkyn hefur víðtækara hlutverk þegar talað er um fólk og dæmi sem hún nefnir er orðið *læknir* sem er málfræðilega karlkyn og skiptir þá engu máli hvort það er kona eða karl sem sinnir starfinu. Guðrún segir að málfræði ráði almennt í tilvísunum í íslensku en stundum fari þetta samræmi kynja úr skorðum. Guðrún tekur dæmi um það þegar vísað er til *löggu* með fornafninu *hann*, ef löggan er karlmaður.

Annað dæmi sem sýnir okkur þetta misræmi er starfsheitið *forseti*; þegar Vigdís Finnbogadóttir var kjörin forseti Íslands var óvissa um hvort nota skyldi karlkynsfornafnið *hann* eða kvenkynsfornafnið *hún* þegar rætt var um forseta eins og Finnur Friðriksson (2017:10) bendir á.

Samkvæmt Guðrúnu Þórhallsdóttur (2008) virðist sú breyting að nota kvenkyn til að vísa til kvenna, þó að starfsheitið sé málfræðilega karlkyn, að meira eða minna leyti vera málbreyting af hugsjón, það er liður í baráttu femínista fyrir málbreytingum af jafnréttisástæðum. Hellinger og Bussmann (2001:10) benda á að notkun karlkyns orða til að vísa til kvenna, eða þegar kynið er ótilgreint og notað er annaðhvort tilvísandi karlkyn eða hvorugkyn, leiði til ósýnileika kvenna. Einnig má færa rök fyrir því að það geti leitt til misskilnings eða óvissu eins og við sjáum í eftirfarandi umfjöllun.

### 3.1.4 Félagslegt kyn

Félagslegt kyn vísar til félagslegrar tvískiptingar karla- og kvenhlutverka og persónueinkenna. Það byggist á forsendum staðalímynda um viðeigandi félagsleg



hlutverk kvenna og karla. Hvað varðar starfsheiti fjalla Mills (1995:66) og Hellinger og Bussmann (2001:11) um mun á notkun starfsheitis eftir því hversu mikils metið starfið er; þegar minnst er á *verkfræðing*, *lögfræðing* eða *prófessor* er hugsað um karla, en ef talað er um *ritara*, *kennara* eða *hjúkrunarfræðing* hugsar fólk um konur. Þetta eru dæmi sem Mills (1995:66) bendir á:

‘If a **physics lecturer** needs a lab. assistant, **he** should contact the secretary’ and ‘A **secretary** is permitted to smoke in **her** own office.’

Eiríkur Rögnvaldsson (2017) segir að hvorugkynsorðið *skáld* hafi haft svo sterka tengingu við karlmenn að nauðsynlegt hafi þótt að mynda orðin *skáldkona* og *kvenskáld* til að vísa til kvenna. Hið sama gildir um orðapörin *hetja* og *kvenhetja* og því til staðfestingar finnast fjölmörg viðurkennd dæmi þegar þau eru slegin inn í leitarvélina *Google*.

### 3.2 Nafnorðið *maður* og starfsheiti. Eru menn líka konur?

Nafnorðið *maður* getur verið notað til að vísa til allra líffræðilegra kynja eins og rætt var áður. Í þeirri merkingu er orðið til dæmis notað sem fornafn (*maður veit aldrei*), sem upphrópun (*já, maður!*) og sem seinni liður samsettra orða (*blaðamaður*). En hvað merkir nafnorðið *maður*? Í *Íslenskri nútímamálsorðabók (ÍN)* eru gefnar þrjár merkingar:

- 1  
karl eða kona, manneskja  
DÆMI: þróun mannsins
- 2  
karlmaður  
DÆMI: hún sá mann ganga yfir götuna
- 3  
eiginmaður  
DÆMI: maðurinn hennar er lækni

Nafnorðið *maður* getur sem sagt verið *tegundarheiti*, *karlmaður* eða *eiginmaður*. Á hinn bóginn hefur nafnorðið *kona* aðeins tvær merkingar: *kvenkynsmanneskja* og *eiginkona*. Guðrún Theodórsdóttir (1985:22) fjallar um nafnorðið *maður* og hún nefnir andstæðuna *maður/kona* í orðum eins og *eiginmaður* og *eiginkona*. Samkvæmt henni væri óþarfi að halda orðinu *eiginkona* ef orðið *maður* hefði tvær merkingar, *manneskja* og *karlmaður*, af því orðið *eiginmaður* myndi þá einnig ná yfir merkinguna *eiginkona*. En auðvitað er

Það ekki svo að orð með tvær merkingar hafi alltaf báðar merkingarnar samtímis og orðið *maður* er líklegast oftast notað í merkingunni *karlmaður* í nútímaíslensku. Það er augljóst út frá samhengi að talað sé um eiginmann (en ekki eiginkonu), jafnvel þó að aðeins sé notað orðið *maður*, til dæmis: *Ég á mann*. Fyrir utan merkingarlegt samhengi þá er merkingin almennt bundin við orðið með greini og eignarfor nafni (*maðurinn minn*). Orðið getur því haft fleiri en eina merkingu án þess að allar merkingar orðsins séu alltaf mögulegar.

En hvenær vísar nafnorðið *maður* til mannveru og hvenær til karla? Þegar nafnorðið *maður* er notað sem andstæða við *kona* merkir það karlmaður. Ásta Svavarsdóttir (2018) bendir á að sú merkingarandstæða komi fram í samsettum orðum sem lýsa störfum fólks, áhugamálum og eiginleikum. Hún segir að hægt sé að finna sjö hundruð slík pör í ritmálssafni *Orðabókar Háskólans*, sem dæmi: *afgreiðslumaður* og *afgreiðslukona*, *garðyrkjumaður* og *garðyrkjukona*, *bókakona* og *bókamaður*. Síðustu áratugi hefur verið talsverð umfjöllun um starfsheiti, bæði fræðileg og almenn. Hér á eftir verður fyrst skoðuð fræðileg umfjöllun og svo samfélagsumræða um starfsheiti og kyn þeirra.

### 3.2.1 Fræðileg umfjöllun um starfsheiti

Guðrún Theodórsdóttir (1985) rannsakaði tengsl á milli málfræðilegs kyns og kynferðis (líffræðilegs eða merkingarlegs kyns). Könnun hennar var gerð á 26 nemendum í íslensku við Háskóla Íslands og í henni var til dæmis skoðað hvort karlkyns starfsheiti giltu fyrir konur eða kvenkyns heiti fyrir karla, sem dæmi:

*Þingmaðurinn fékk leyfi frá störfum þegar hann gekk með sitt fyrsta barn.*

*tæk (9), ótæk (10), hugsanleg (6)*

*Þingmaðurinn fékk leyfi frá störfum þegar hún gekk með sitt fyrsta barn.*

*tæk (13), ótæk (7), hugsanleg (6)*

*Hann er ljósmóðir.*

*tæk (5), ótæk (10), hugsanleg (9)*

Guðrún Theodórsdóttir (1985:33)

Þátttakendur þurftu að dæma setningarnar *tækar*, *ótækar* eða *hugsanlegar*. Margar setningar þar sem ósamræmi var milli málfræðilegra kynja voru samþykktar af meirihluta

þátttakenda en ekki allar. Árið 2005 gerðu nokkrir nemendur við Háskóla Íslands rannsókn sem byggðist á könnun Guðrúnar og sú rannsókn sýndi fram á sama breytileika (sjá Önnu Helgadóttur 2011:4).

Anna Helgadóttir rannsakaði notkun málfræðilegra kynja í máli ungs fólks og niðurstaðan var sú að notkunin sé að breytast til samræmis við líffræðilegt kyn þegar talað er um fólk. Í niðurstöðum hennar voru þátttakendur líklegri til að samþykkja orðið *þingkona* en til dæmis *forkona* eða *lögkona* og það getur verið vegna þess að heitið *þingkona* hefur verið meira notað í fjölmiðlum. Hins vegar virðast konur almennt vera sáttar við að nota orðin *þingmenn*, *blaðamenn* og *lögmennt* um konur, samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar (Anna Helgadóttir, 2011:21).

Póra Björk Hjartardóttir (2004:98) segir að markmið kvenna sem vilja kalla sig *ritstýrur*, *þingkonur* og *kennslukonur* en ekki *ritstjórar*, *þingmenn* og *kennarar* sé að draga fram reynsluheim og sérstöðu kvenna. Samkvæmt henni gegnir tungumálið mikilvægu hlutverki í réttindabaráttu minnihlutahópa. Konur eru vissulega ekki minnihlutahópur í samfélaginu, en voru það áður fyrr í flestum formlegum starfsstéttum vinnumarkaðarins. Þá hafa verið gefin örfá dæmi um fræðilega umfjöllun um kyn starfsheita og því næst verður almenn samfélagsumræða um efnið skoðuð.

### 3.2.2 Samfélagsumræða um starfsheiti

Starfsheitið *þingmaður* hefur oft verið í umræðunni bæði innan og utan þings, sérstaklega þegar þingkonur Kvinnalistsans tóku upp á því að vera kallaðar þingkonur. Hildur Lilliendahl Viggósdóttir (2020:3) fjallar um þetta og segir að rök þingkvennanna hafi snúist um að orðið *maður* merki karlmaður í hugum flestra. Starfsheitið *þingkona* er hluti af almennri málnotkun í dag og hægt er að finna það í *Íslenskri nútímamálsorðabók*, þó að það hafi enn ekki verið samþykkt á Alþingi.

Samkvæmt Auði Eiri Vilhjálmsdóttur (2005) gerir málfar upp á milli kynjanna ef það felur konur í orðum um karla. Sem dæmi nefnir hún starfsheitið *ráðherra* sem hefur ekki breyst þótt konur gegni nú embættinu. Hins vegar verði karlar hvorki kallaðir *hjúkrunarkonur*, *fóstrur* né *ljósmæður*. Eins og Póra Björk Hjartardóttir (2008:98) bendir á var orðinu *hjúkrunarkona* breytt í *hjúkrunarfræðingur* og *fóstra* til þess að gera þau kynhlutlausari. Hér er athyglisvert að sjá að starfsheitum sem voru málfræðilega í kvenkyni hefur auðveldlega verið breytt til þess að ná betur yfir karla en ekki öfugt. Þar

má einnig nefna *flugfreyja* og *skúringakona*; menn sem vinna í þessum störfum eru kallaðir *flugþjónar* og *ræstitæknar* en ekki *flugfreyjur* og *skúringakonur*. Sem dæmi er frétt á [ruv.is](http://ruv.is) (2022) þar sem talað er um bæði flugfreyjur og flugþjóna: „Persónuvernd rannsakar flugfreyju- og þjóna smáforrit“.

Nokkrar tilraunir hafa verið gerðar til að breyta orðinu *ráðherra*. Árið 1998 var lögð fram þingsályktunartillaga á Alþingi (þingskjal 22/1998) til þess að taka upp nýtt orð fyrir starfsheitið *ráðherra*, nýtt orð sem var óskað eftir var *ráðfrú*, svo að bæði kynin gætu borið titilinn. Tillagan var lögð fram af Guðnýju Guðbjörnsdóttur og Kristínu Halldórsdóttur þingkonum Kvinnalistsins og Svavari Gestssyni þingmanni Alþýðubandalagsins en hún var ekki samþykkt (*Nýtt orð óskast fyrir "ráðherra"*, 1998). Steinunn Valdís Óskarsdóttir þingkona Samfylkingarinnar gerði nýja tillögu og óskaði aftur eftir nýju orði; *ráð*, *ráðandi*, *ráðseti* og *ráðseta* voru meðal þeirra tillagna sem hún fékk frá Íslendingum sem höfðu áhuga á að breyta eða bæta við nýjum orðum. Hún sagði að málið væri hluti af kynjabaráttunni og mikilvægt væri að ræða um þetta á Alþingi, en tillagan hennar var ekki samþykkt (*Ráð eða ráðandi í stað ráðherra*, 2008).

Árið 2013 spurði Uglya Stefania Jónsdóttir á Visindavefnum: „Ef kona væri forseti, hvað væri eiginmaður hennar kallaður?“. Guðrún Kvaran svaraði að það væri ekkert sérstakt orð fyrir maka forseta, *ráðherra* eða *sendiherra* ef þær sem starfa eru konur. Það er ekki hægt að segja *\*forsetaherra*, en forsetafrú er kona forseta. Hún sagði að á meðan ekkert gott orð væri til, þá segjum við: „Eiginmaður Jónu Jónsdóttur *ráðherra*, Jón Jónsson, mætti með henni á opnunina.“ Í stað þess að laga aðra þætti tungumálsins að orðum eins og *ráðherra* og *sendiherra*, því *ráðherraherra* gengur augljóslega illa, þá mætti frekar breyta orðunum sem eru rót vandans. Kamala Harris er varaforseti Bandaríkjanna og hún er fyrsta kona í Bandaríkjunum sem gegnir því starfi, þess vegna varð til umræða um hvernig á að ávarpa manninn hennar. Titill eiginkonu varaforsetans í Bandaríkjunum hefur alltaf verið *Second Lady*. Eftir að Kamala var kjörin varaforseti var ákveðið að kalla manninn hennar *Second Gentleman* (Schild, 2020).

Kristín A. Árnadóttir (1990:3), sem gegnir embætti *sendiherra* í dag, skrifaði í grein sinni um málið að samfélagið væri byggt körlum og að allt væri karlkennt. Hún benti á að flest starfsheiti væru í karlkyni, en að það væri eðlileg krafa að vísa til fólks eftir líffræðilegu kyni en ekki eftir kyni orða. Hún lagði í grein seinni áherslu á hve

tungumálið, uppbygging og reglur geti haft neikvæðar og alvarlegar afleiðingar fyrir menningu kvenþjóðarinnar og frelsisbaráttu hennar.

Annað dæmi sem má nefna úr samfélagsumræðu er bók Jóns Gnarr, *Óorð* (2021), en samkvæmt honum er íslenska óþægilega karllægt tungumál og nefnir hann sérstaklega seinni liðina *-maður* og *-herra* í því samhengi (2021:34). Jón Gnarr hefur lagt sig eftir því að forðast karlkyn í útvarpsþáttum sínum *Tvíhöfða* og jafnvel gengið svo langt að nota orðið *hlustendur* einungis í kvenkyni, *hlustönd* í et.

Árið 2020 birtist frétt á *mbl.is* um íslenskan mann sem spurði hvort hann gæti orðið ljósfaðir; og svarið var jákvætt. Helga Reynisdóttir sem starfar sem ljósmóðir sagði að hann væri velkominn, benti honum á nám sem hann þyrfti að taka til að starfa sem ljósfaðir og sagði að ljósmæður biðu spenntar eftir karlmönnum í fagið. Öfugt við þessi jákvæðu viðbrögð við að nota hugtakið *ljósfaðir*, get ég sagt að sama árið fékk ég tölvupóst þar sem gróteskt grín var gert að konu sem kallaði sig *námsbrautarforkonu*, en það voru aðrir starfsmenn Háskóla Íslands sem gerðu grín að titlinum.

Enn virðast sumir líta svo á að ákveðnar starfsstéttir tilheyri konum. Nýlega sá ég auglýsingu á veitingastað þar sem stóð:

„Vantar **duglega stelpu** í þjónustustarf strax (einnig sumarvinnu) á kvöldin frá kl. 18:00-22:00/23:00. **Áhugasamir** sækjið um inni á \*nafn á veitingastað\*.“

Það sem er einnig áhugavert hér er að þau eru að leita að *duglegri stelpu* en það eru *áhugasamir* sem sækja um. Auglýsingin sýnir okkur hvernig fólkið sem skrifaði hana sér kynjahlutverk.

Samkvæmt Eiríki Rögnvaldssyni (2020) er tungumálið ekki undanþegið jafnréttis- og mannréttindasjónarmiðum og það er ekki nauðsynlegt að mismuna eða úthýsa fólki vegna tungumálsins sjálfs. Vegna þess þarf tungumálið að breytast og endurnýja sig og telur Eiríkur íslensku þola það. Að mati höfundar mætti t.d. auðveldlega breyta starfsheitum sem enda á *-maður* eða *-herra*. Spurningin er sú hvernig breytingar geta orðið til að endurspeglar alla sem taka þátt í samfélaginu, einnig konur og fólk sem skilgreinir sig hvorki sem karlkyns né kvenkyns.

### 3.3 Breytingar í íslensku vegna aukins jafnréttis

Það eru breytingar sem hafa átt sér stað í íslensku í þágu kynjajafnréttis. Árið 2007 kom út 11. biblíuútgáfan á íslensku og í fyrsta sinn var reynt að koma á því sem kallað var málfari beggja kynja. Oftast var t.d. fornafninu *þeir* í Gamla testamentinu breytt í hvorugkyn *þau*, ef ljóst var að um blandaðan hóp var að ræða, annars ekki. Svipað var upp á teningnum með Nýja testamentið, þar má nú víða lesa *systkin* þar sem áður hefur staðið *bræður*. Í ritinu *Vinkonur og vinir Jesú* var karlkynsfornöfnum í eintölu og fleirtölu breytt í hvorugkyn fleirtölu eins og eftirfarandi dæmi sýnir: *Sá sem trúir á mig, mun lifa, þótt hann deyi.* > *Þau sem trúa á mig munu lifa þótt þau deyi* (Guðrún Þórhallsdóttir, 2008:112).

Í samfélaginu eru ekki bara menn, eða menn og konur, og mikilvægt er að finna leið til að gera allt fólk sem myndar samfélagið sýnilegt. Árið 2018 ákvað Stúdentaráð HÍ að breyta titlum og heitum í lögum ráðsins til að draga úr kynjaðri orðræðu. Eftirfarandi tafla sýnir breytingar sem gerðar voru.

Formaður > Forseti
Varaformaður > Varaforseti
Aðalmaður > Aðalfulltrúi
Varamaður > Varafulltrúi
Maður > Einstaklingur
Námsmaður > Nemandi
Fundarmaður > Fundarmeðlimur
Stjórnarmaður > Stjórnarmeðlimur
Aðstoðarmaður > Aðstoðarmanneskja
Framsögumaður > Flutningsaðili
Formennska > Forsæti
Nefndarmaður > Nefndarmeðlimur

Tafla 1. Breytingar á orðunum sem voru samþykktar um titla og heiti innan Stúdentaráðs (Grétar Þór Sigurðsson, 2018)

Eins og Stúdentaráðið nefnir er breytingin gerð vegna þess að titlarnir og heitin vísa óþarflega mikið í eitt kyn umfram önnur. Ráðið vonast til að stofnanir og fyrirtæki sem nota kynjað tungumál breyti því til að jafnt aðgengi og jöfn þátttaka allra sé tryggð. Elísabet Brynjarsdóttir, sem var forseti Stúdentaráðs þá, sagðist hafa hugsað fyrst til

orðanna „Konur eru líka menn“, en að það sé engin ástæða til að nota titla sem eru kynjaðir, að þessi breyting leiði aðeins til þess að fleiri geti speglað sig í starfsheitum sínum (Grétar Þór Sigurðsson, 2018).

### 3.4 Jafnrétti kynjanna á Íslandi og í íslensku

Ísland er í fyrsta sæti á jafnréttislista Alþjóðaeftahagsráðsins, *World Economic Forum* (2021). Til að mæla jafnrétti eru skoðaðir ýmsir þættir, svo sem stjórnmalapátttaka, menntun, heilsa og atvinna, í 156 löndum. Listinn sýnir að ekkert land hefur ennþá náð fullu kynjajafnrétti. Sagan segir okkur að Ísland hefur verið mikilvægt hvað varðar rétt kvenna. Það þýðir samt ekki að það sé fullkomið jafnrétti á Íslandi, og enn síður að þannig hafi það alltaf verið, þó Ísland hafi nú verið á toppi listans í 12 ár (Charlton, 2021).

Réttur kvenna til menntunar á Íslandi var takmarkaður til ársins 1911 þegar konur fengu sama rétt og karlar í þeim efnum. Kennslan sem hafði áður verið í boði fyrir konur fólst í hefðbundnum verkum sem tilheyrðu konum, svo sem heimilisfræði, umönnun og hjúkrun. Þær lærðu í sérstökum skólum sem voru kallaðir stúlkenskólar og húsmæðraskólar. Árið 1915 fengu konur kjörgengi og kosningarétt til Alþingis og árið 1922 tók fyrsta konan sæti á Alþingi.

Hlutfall kvenna á þingi árið 1978 var 5% (Mannréttindaskrifstofa Íslands) en 47,6% árið 2021 (Alþingi). Staða kynjanna á vinnumarkaði er ólík, sérstaklega í metorðum og launum. Rannsóknir Jafnréttisstofu hafa sýnt að störf innan uppeldis-, umönnunar- og þjónustugeirans eru aðallega unnin af konum. Samkvæmt Mannréttindaskrifstofu Íslands voru árið 2013 65% kvenna í fullu starfi samanborið við 86% karla. Staða kvenna er veikari en staða karla í samfélaginu og þess vegna eru til lög um jafnan rétt kvenna og karla, lög nr. 10/2008, sem hafa það markmið að viðhalda jafnrétti og jafnri stöðu kynjanna á öllum sviðum samfélagsins.

En skiptir máli hvernig við tölum til að ná því markmiði? Tengist málnotkun jafnrétti kynjanna? Eins og rakið hefur verið í þessum kafla eru margir þeirrar skoðunar að svo sé. Misrétti sést víðar betur en í starfsheitum í tungumálinu, t.d. í orðum eins og *gleðimaður* og *gleðikona*. Ásta Svavarsdóttir (2018) segir að *gleðimenn* séu þeir sem eru *gladværir*, *félagslyndir* og *gefnir fyrir skemmtanir*, en að merking orðsins *gleðikona* sé hins vegar *lauslætisdrós* eða *vændiskona*. Það eru einnig til orðasambönd þar sem augljóslega er hægt að sjá kynjamisrétti svo sem *hlaupa eins og stelpa*, *grenja eins og*

*smástelpa, kasta eins og stelpa* eða *láta eins og kelling* sem Hildur Knútsdóttir (2013) bendir á. Ef við höldum áfram að nota þau orð eða orðasambönd sem sýna kynjamisrétti þá viðhöldum við misréttinu.

Ef svipuð skref hefðu verið stigin í íslensku eins og ensku og spænsku þá myndum við ekki tala um mannréttindi heldur *manneskjuréttindi* eða *fólksréttindi*, sbr. *human rights* og *derechos humanos*. Ég tel að nauðsynlegt sé að stíga slík skref og í kafla 5 kanna ég hvort íslenskur almenningur sé sammála því þegar kemur að starfsheitum. Fyrst verður rannsóknin sjálf kynnt, í kafla 4; þar er fjallað um starfsheitin sem eru rannsökuð og uppbyggingu spurningakönnunarinnar sem var lögð fyrir þátttakendur.



#### 4. Rannsóknarefnið

Í þessum kafla verður sagt frá rannsókn sem gerð var á starfsheitum í íslensku og einkum notkun orðanna *-maður* og *-kona* sem seinni liður samsettra starfsheita. Í rannsókninni er markmiðið að kanna hver notkun og skoðun móðurmálshafa íslensku er á starfsheitum með tilliti til líffræðilegs kyns eða kynferðis annars vegar og málfræðilegs kyns hins vegar.

Oft notar fólk karlkynsorð til að lýsa starfsheitum kvenna þegar kvenkynsorðið er til, til dæmis *Hún starfar sem blaðamaður* en ekki *blaðakona* þó að orðið *blaðakona* sé til, eins og rætt var í kafla 1. Þegar algengt orð til að lýsa starfi er í kvk. Þá er það hins vegar ekki notað þegar vísað er til karla, sem dæmi *hjúkrunarkona*. Þegar karlar byrjuðu að vinna í hjúkrun var breyting gerð á hjúkrunarlögum á Alþingi (þingskjal 439/1975) og starfsheitið varð *hjúkrunarfræðingur*.

Starfsheitin sem hafa verið valin í þessari rannsókn, sjá töflur 3 og 4, eru orð sem tengja má við líffræðilegt kyn, þar sem seinni liður er til dæmis *-maður*, *-kona*, *-herra*, eða *-móðir*. Starfsheitin hafa oft verið til umræðu í samfélaginu eins og fjallað var um í kafla 3.

Rannsóknarspurningarnar sem kynntar voru í inngangi eru eftirfarandi: Hvaða orð nota þátttakendur þegar þeir vísa til starfsheita ólíkra kynja? Finnst þátttakendum orðaval sitt tengjast kynjajafnrétti? Það má skipta fyrri spurningunni nánar í undirspurningar: Notar fólk karlkynsorð til að lýsa starfsheitum kvenna? Notar fólk algeng kvenkynsorð til að lýsa starfsheitum karla?

Starfsheitunum sem verða rannsökuð er skipt í tvo flokka. Annars vegar eru starfsheiti með eitt málfræðilegt kyn sem vísa til allra kynja (t.d. ráðherra og ljósmóðir). Hins vegar eru starfsheiti með tvö málfræðileg kyn þar sem annað er stundum opinbert eða lögverndað starfsheiti en ekki hitt (t.d. kennari og kennslukona; blaðamaður og blaðakona); í einhverjum tilvikum er kvenkynið nýtt og í öðrum er það að mestu úrelt. Í síðarnefnda flokknum, með tvö málfræðileg kyn, kynnu sumir að nota *-manneskja* í stað *-maður* eða *-kona*, sem dæmi *starfsmanneskja* í stað fyrir *starfsmaður* eða *-kona*. Hefð er fyrir því að nota *-manneskja* sem seinni lið samsetningar í íslensku, þó einkum í orðum sem vísa til persónuleika. Í töflu 2 eru dæmi um notkun þess í málinu sem má finna í *Íslensku orðaneti* (2021).

myndarmanneskja
ágætismanneskja
gæfumanneskja
heimilismanneskja
greiðamanneskja
lánsmannekja

Tafla 2. Samsett orð með *-manneskja* sem seinni lið samsetningar

Hvað starfsheiti varðar er erfitt að ákveða hvenær það er eðlilegt að bæta við *-manneskja* sem seinni lið. Líklegast er það helst í staðinn fyrir liðina *-maður* eða *-kona*, en kæmi líka til greina í fleiri starfsheitum, til dæmis í staðinn fyrir liðinn *-herra*. En *-manneskja* vísar þó sjaldan til starfsheitis, það getur a.m.k. verið tvírætt og mögulega átt við einhvern sem hefur áhuga á eða tengist ákveðinni grein, sérstaklega með lýsingarorðinu *mikil/l*. Þannig vinnur *leikskólammanneskja* ekki endilega á leikskóla<sup>2</sup> og *sá/sú* sem er *mikil listammanneskja* starfar ekki endilega við listsköpun. *Sendimanneskja* getur varla komið í staðinn fyrir sendiherra, frekar væri það önnur leið til að tala um sendimann, sem hefur allt aðra merkingu. Hið sama gildir um orðið *ráðammanneskja*, sem virkar frekar sem valkostur við ráðamann/-konu heldur en ráðherra. Vegna þess verður seinni liðurinn *-manneskja* ekki gefinn sem valkostur í könnuninni, en það verður áhugavert að sjá hvort þátttakendur nota sjálfir starfsheiti af þessu tagi í rannsókninni.

Hér á eftir verða orðin og orðapörin kynnt samkvæmt framangreindri skiptingu. Svo verður könnunin, sem liggur rannsókninni til grundvallar, kynnt. Könnunin skiptist í fjóra hluta: í fyrsta hluta verða þátttakendur spurðir um persónuupplýsingar (kyn og aldur); í öðrum hluta verða þátttakendur beðnir um að fylla inn í setningar starfsheitið sem vantar; í þriðja hluta verða sömu setningar en í þetta skipti verða valmöguleikar sem þátttakendur þurfa að velja orðið úr; í fjórða hluta verða viðhorfsspurningar um framangreind atriði.

#### 4.1 Starfsheiti með tilliti til líffræðilegs og málfræðilegs kyns

Í þessum hluta eru starfsheiti flokkuð annars vegar í starfsheiti með eitt málfræðilegt kyn sem vísa til allra kynja og hins vegar í starfsheiti með tvö málfræðileg kyn. Því viðmiði

<sup>2</sup> Leitarniðurstöður á internetinu, eins og má sjá á bloggi Kristínar Dýrfjörð (2009), sýna t.d. að orðið getur vísað til einhvers sem er sérfræðingur í málefnum leikskóla.

var fylgt í vali á orðunum að orðin væru til í tungumálinu: annars vegar orð sem hægt er að finna í *Íslenskri nútímamálsorðabók* (2021; sem framvegis verður vísað til sem *ÍN* í þessari ritgerð); hins vegar orð sem eru notuð þó að þau séu ekki skráð í *ÍN*. Í listunum í næsta undirkafla er tiltekið hvaða orð má finna í orðabókinni og hver ekki.

#### 4.1.1 Starfsheiti með eitt málfræðilegt kyn sem vísar til karla og kvenna

Starfsheitin í fyrsta dálki í töflu 3, sem öll eru karlkynsorð, má finna í *ÍN*, nema *\*ljósfaðir*. Starfsheitin í öðrum dálki, sem eru kvenkynsorð, er ekki að finna þar og þess vegna eru þau merkt með stjörnu (\*), nema ljósmóðir sem er skráð í orðabókinni. Stjörnumerktu orðin eru samt notuð í málinu, eins og var rætt í þriðja kafla, og má finna dæmi um þau á netinu.

Karlkyn	Kvenkyn
*ljósfaðir	ljósmóðir
ráðherra	* ráðfrú
sendiherra	*sendifrú
slökkviliðsmaður	*slökkviliðskona
starfsmaður	*starfskona
hótelstjóri	*hótelstýra <sup>3</sup>
yfirmaður	*yfirkona

Tafla 3. Starfsheiti með eitt málfræðilegt kyn sem vísar til karla og kvenna

#### 4.1.2 Starfsheiti með tvö eða þrjú málfræðileg kyn

Í töflu 4 er listi af starfsheitum sem má öll finna í *ÍN*, nema *flugfreyr* sem er stjörnumerkt. Í öllum tilvikum eru orð í kk. og í kvk., oftast eitt í hvoru kyni, sem vísa venjulega til sama starfsins en í sumum tilvikum er annað opinbera starfsheitið og/eða hefur sterkari stöðu í málinu. Orðin sem hafa *-maður* sem seinni lið vísa bæði til karlmanns og kvenmanns í *ÍN*. Eitt starfsheiti er í hvorugkyni, en það er *skáld* sem nánar verður rætt um hér á eftir.

<sup>3</sup> -stýra er til sem viðskeyti í *ÍN* og dæmi sem eru sýnd í orðabókinni eru *hótelstýra* og *skólastýra* en orðin eru ekki skráð í *ÍN*.

Karlkyn	Kvenkyn	Hvorugkyn
blaðamaður	blaðakona	
bóndi	bóndakona <sup>4</sup>	
flugþjónn – *flugfreyr	flugfreyja	
hárgreiðslumaður – hársnyrtir	hárgreiðslukona	
hjúkrunarfræðingur – *hjúkrunarmaður <sup>5</sup>	hjúkrunarkona – hjúkka	
kennari	kennslukona	
leikari	leikkona	
leikskólakennari	fóstra	
listamaður	listakona	
lögreglumaður – lögregluþjónn	lögreglukona – löggá	
ræstítæknir – *ræstingamaður <sup>6</sup>	ræstingakona	
	skáldkona	skáld
söngvari	söngkona	
stjórnmalamaður	stjórnmalakona	
þingmaður	þingkona	

Tafla 4. Starfsheiti með tvö eða þrjú málfræðileg kyn

Eiríkur Rögnvaldsson (2013:149) segir að það birtist félagslegt kynjamisrétti í orðinu *skáld*. Hann bendir á að þó *skáld* sé hvorugkynsorð sé orðið *skáldkona* notað þegar vísað er til kvenna en ekki \**skáldmaður* eða \**karlskáld* þegar vísað er til karla. Jón Axel Harðarson (2001:260) bendir á að notkun orðsins *skáldkona* sé til komin vegna þess að kvenkyn er markaðast af kynjum í íslensku. Samkvæmt honum ætti þó að vera hægt að nota orðin *kennari* (kk.), *hetja* (kvk.) og *skáld* (hvk.) jafnt um konur sem karla, en þegar um konur er að ræða sérstaklega þá er notað *kennslukona*, *kvenhetja* og *skáldkona* en ekki \**karlkennari*, \**karlhetja* eða \**skáldmaður* þegar talað er um karla. Aðeins *skáld* og *skáldkona*, *hetja* og *kvenhetja*, *kennari* og *kennslukona* eru skráð í *ÍN* en einnig er hægt að finna dæmi um \**karlskáld* og \**kvenskáld* þegar leitað er á *google*. Það er einnig áhugavert að finna má nokkur dæmi um \**karlkennari* og \**kvenkennari*. Hins vegar eru mjög fá dæmi um orðin \**skáldmaður* í samanburði við *skáldkona*, \**karlhetja* í samanburði við *kvenhetja* eða \**kennslumaður* samanborið við *kennslukona*. Að vísu er orðið \**kennslukarl* algengara á netinu og það má ímynda sér að parið *maður-kona* verði

<sup>4</sup> Í *ÍN* í merkingunni 'eiginkona bónda'.

<sup>5</sup> Starfsheitið \**hjúkrunarmaður* verður ekki notað í könnuninni af því í dæminu er vísað til konu.

<sup>6</sup> Starfsheitið \**ræstingamaður* verður ekki notað í könnuninni af því í dæminu er vísað til konu.

til þegar orð með liðinn *-maður* er þegar til í málinu. Orðið *kennslukona* er líklegast til fyrst og þá er myndað orðið *kennslukarl* til aðgreiningar. Þessum samanburði á leitarniðurstöðum er lýst í töflu 5. Fjöldi leitarniðurstaðna er birtur á eftir hverju orði.

<i>*karlskáld</i>	244	<i>*kvenskáld</i>	662
<i>*skáldmaður</i>	142	skáldkona	72.700
<i>*karlkennari</i>	1.770	<i>*kvenkennari</i>	1.420
<i>*kennslumaður</i>	146	kennslukona	23.100
<i>*karlhetja</i>	1.290	kvenhetja	10.900

Tafla 5. Fjöldi leitarniðurstaðna nokkurra orða

Aðeins var leitað að orðum í íslenskum textum á íslenskum síðum. Því miður þjagast niðurstöður mjög þegar erlendar síður, sem hafa verið þýddar vélrænt á íslensku, eru teknar með, þar sem þær eru yfirfullar af klámfengnum lýsingum á konum. Þannig fjölgaði niðurstöðum fyrir orðið *\*kvenkennari* um 20.000, flestar ef ekki allar klámtengdar. Það sýnir okkur eitthvað um misjafna stöðu kvenna og karla í heiminum.

## 4.2 Könnun

Í þessum hluta verður sagt ítarlega frá hönnun og uppbyggingu könnunarinnar sem lögð var fyrir þátttakendur. Hún skiptist í fjóra hluta. Fyrsti hlutinn samanstendur af spurningum um persónuupplýsingar þátttakenda (kyn og aldur). Annar hlutinn samanstendur af setningum sem þátttakendur eiga að ljúka við með því að skrifa orðin sem vantar. Þeir verða sem sagt að fylla inn í setningarnar starfsheitið sem vantar. Markmiðið er að láta þá velja starfsheitið án þess að gefa valkosti til þess að þeir séu ekki undir áhrifum af valkostum og skrifa vonandi orðið sem þeir myndu nota í sínu eðlilega máli. Auk þess verða setningar með starfsheitum sem ekki tengjast rannsókninni, en með því móti verður þátttakendum vonandi ekki of augljóst hvert efni rannsóknarinnar er. Í þriðja hluta eru sömu setningar og notaðar voru í öðrum hluta, en aðeins þær setningar með starfsheitum sem eiga við rannsóknarefnið, en í þetta skipti verða valmöguleikar þar sem þátttakendur mega velja úr. Í þessum hluta er tilgangurinn að kanna hvort þátttakendur noti önnur orð í meðvitaðri aðstæðum.

Að lokum, í fjórða hluta, er spurningalisti til að kanna viðhorf þátttakenda til orðanna. Hvert er viðhorf þátttakenda til orðanna og þess hvaða orð þeir nota til að vísa til karla og kvenna? Finnst þeim orðin sem þeir nota mikilvæg til að ná jafnrétti kynjanna? Rannsóknin er lögð fyrir þátttakendur á netinu. Þátttakendur verða beðnir um að fletta ekki aftur í fyrsta hlutann og breyta svörum sínum þannig að viðhorfskönnun síðasta hluta hafi ekki áhrif á svör í fyrri hlutum.

#### **4.2.1 Persónuupplýsingar**

Í rannsókninni eiga þátttakendur að gefa upplýsingar um kyn og aldur. Markmiðið er að athuga hvort kyn og aldur hafi áhrif á notkun tungumálsins. Það er þó ekki víst að það verði tölfræðilega marktækur munur á hópunum og ekki hægt að tryggja að svo verði (að því gefnu að hann sé til staðar), nema með mjög stóru úrtaki. Þess vegna verður ekki reynt að stýra aldri og kyni þátttakenda, þó vissulega verður könnuninni dreift til fjölbreytts hóps af fólki. Tölfræðileg marktækni verður ekki prófuð sérstaklega. Í viðauka má finna a-hluta könnunarinnar eins og hún er lögð fyrir þátttakendur.

#### **4.2.2 Hvaða orð vantar?**

Í öðrum hluta eiga þátttakendur að skrifa orð sem vantar í setningarnar. Orðin sem vantar eru starfsheiti, en ekki aðeins starfsheiti sem verða rannsökuð; það verða auk þess setningar þar sem starfsheiti verða prófuð án þess að þau tengist rannsóknarefninu. Þessar setningar verða ekki notaðar en verða hafðar með til að þátttakendur átti sig síður á rannsóknarefninu.

##### **4.2.2.1 Setningar með orðum sem verða rannsökuð**

Starfsheitin sem þátttakendur eiga að fylla inn í eyðurnar í setningunum voru kynnt í töflum 3–4 í köflum 3.1.1 og 3.1.2. Tökum dæmi til þess að útskýra betur hvað þátttakendur eiga að gera:

*María vinnur við að skrifa fréttir á Morgunblaðinu, hún starfar sem*

---

Í dæminu eru margir svarmöguleikar; hægt er að skrifa *blaðamaður* og *blaðakona*, eða *fréttamaður/-kona*, en einhverjir myndu nota önnur orð, t.d. *blaðamanneskja*. Hér skrifa þátttakendur vonandi það orð sem þeir myndu nota alla jafna. Hér birtast setningarnar sem verða rannsakaðar.

1. María vinnur við að skrifa fréttir á Morgunblaðinu, hún starfar sem \_\_\_\_\_.
2. Melkorka Möller skrifar ljóð og hefur gefið út 20 ljóðabækur, hún er \_\_\_\_\_.
3. Rósa er verjandi minn í héraðsdómi, hún vinnur sem \_\_\_\_\_.
4. Kristín A. Árnadóttir var yfir sendiráði Kína árið 2012, hún var \_\_\_\_\_ Íslands.
5. Saga stjórnar hóteli, hún er \_\_\_\_\_.
6. Arna vinnur við ræstingar, hún er \_\_\_\_\_.
7. Erla hjúkrar fólki á sjúkrahúsi. Hún lærði í 5 ár til að verða \_\_\_\_\_.
8. Systir mín afgreiðir fólk í flugvélum og sonur hennar vill verða \_\_\_\_\_ eins og mamma sín.
9. Vinkona mín tekur þátt í stjórnámálum, hún er \_\_\_\_\_.
10. Andrea Björk Sigurvinsdóttir vann sem \_\_\_\_\_ í Slökkviliði Fjarðabyggðar á árunum 2017–2018.
11. Eva vinnur á hárgreiðslustofu, hún er \_\_\_\_\_.
12. Sigríður Thorlacius er \_\_\_\_\_ frá Íslandi.
13. Jóna Bæring býr til fallega list. Hún er \_\_\_\_\_.
14. Aðalheiður starfar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, hún er \_\_\_\_\_.
15. Inga á bóndabæ, hún er \_\_\_\_\_.
16. Katrín Jakobsdóttir er \_\_\_\_\_ Íslands.
17. Anna er menntuð til þess að vinna í leikskóla, hún er \_\_\_\_\_.
18. Sigríður starfar sem \_\_\_\_\_ í skóla í Reykjavík.
19. Ingibjörg H. Bjarnason var fyrsta íslenska konan til að taka sæti á Alþingi, hún var \_\_\_\_\_ frá 1922–1930.
20. Ólafi líður vel í vinnunni. Salka er yfir honum og er mjög næs \_\_\_\_\_.

21. Sólveig er mjög dugleg í vinnunni. Forstjórinn valdi hana \_\_\_\_\_ ársins.
22. Helgi Þór er hjúkrunarfræðingur en hann vill mennta sig meira til að geta tekið á móti börnum. Hann vill verða \_\_\_\_\_.
23. Halldóra Geirharðsdóttir er \_\_\_\_\_ sem fer með aðalhlutverk í myndinni *Kona fer í stríð*.

#### 4.2.2.2 Setningar með orðum sem verða ekki rannsökuð

Það verður mögulega of augljóst hvert rannsóknarefnið er ef aðeins framangreindar rannsóknarsetningar verða notaðar því þar eru næstum eingöngu kvenmannsnöfn. Einu undantekningarnar eru karlmenn sem sinna störfum sem yfirleitt er vísað til í kvenkyni (*flugfreyja* og *ljósmóðir*). Þess vegna verður eftirfarandi setningum bætt við í könnunina til þess að draga athygli þátttakenda frá kyni orðanna.

1. Vigdís Finnbogadóttir var fyrsta kona heims sem var lýðræðislega kosin \_\_\_\_\_.
2. Páll afgreiðir í verslun, hann er \_\_\_\_\_.
3. Daði Freyr er \_\_\_\_\_ sem var fulltrúi Íslands í *Eurovision*.
4. Einar keyrir strætó, hann er \_\_\_\_\_.
5. Stefán bakar brauð, hann er \_\_\_\_\_.
6. Jóhannes S. Kjarval er einn frægasti \_\_\_\_\_ Íslands.
7. Óskar gerir við bíla, hann starfar sem \_\_\_\_\_.
8. Halldór Laxness var íslenskur \_\_\_\_\_.
9. Þór tekur myndir á ljósmyndastofu, hann er \_\_\_\_\_.
10. Ólafur smíðar hús, hann er \_\_\_\_\_.
11. Bjarki aðstoðar við kennslu í Háskóla Íslands, hann er \_\_\_\_\_.
12. Jón Gnarr var \_\_\_\_\_ Reykjavíkur á árunum 2010–2014.

Í viðauka 1 má finna b-hluta könnunarinnar eins og hún er lögð fyrir þátttakendur.

#### 4.2.3 Hvaða orð finnst þér passa best?

Í þriðja hluta verða aðeins setningar sem eiga við rannsóknarefnið og þar eru valkostir til að velja úr og svarið líklega meðvitaðra. Munu þátttakendur velja sama orð og þeir



skrifuðu í öðrum hluta? Það verður áhugavert að kanna hvort þátttakendur skipti um skoðun ef það eru valmöguleikar, og bera saman svör um hvert starfsheiti í öðrum og þriðja hluta könnunarinnar hjá hverjum þátttakanda. Í viðauka má finna c-hluta könnunarinnar eins og hún er lögð fyrir þátttakendur.

#### **4.2.4 Viðhorf þátttakenda**

Í fjórða hluta könnunarinnar er spurningalisti til að kanna viðhorf þátttakenda til orða yfir starfsheiti, spurningar um notkun og jafnrétti kynjanna. Þátttakendur verða að rökstyðja svörin sín. Í viðauka 1 má finna d-hluta könnunarinnar eins og hún er lögð fyrir þátttakendur.


Þá hefur verið rakið hvernig könnunin var lögð fyrir þátttakendur. Nú sjáum við niðurstöður rannsóknarinnar, flokkaðar eftir kynjum og aldri. Einnig verða borin saman svör ólíkra hluta könnunarinnar.

## 5. Rannsóknarniðurstöður

Í þessum kafla verða niðurstöður úr könnuninni skoðaðar. Fyrst verður fjallað um heildarniðurstöður og svo verður samanburður gerður á milli þeirra. Það eru fjórir hlutar í könnuninni: a-hluti þar sem var spurt um kyn og aldur, b-hluti þar sem þátttakendur voru beðnir að fylla í eyður það starfsheiti sem vantaði í hverja setningu, c-hluti þar sem þátttakendur voru beðnir um að velja það svar sem þeim þótti mest viðeigandi eða skrifa annað ef valmöguleikarnir komu ekki til greina, og d-hluti þar sem voru þrjár spurningar um skoðun þátttakenda um kyn starfsheita.

### 5.1 A-hluti: persónuupplýsingar

Í fyrsta lagi var spurt um kyn og aldur þátttakenda til að athuga hvort þessar upplýsingar hafi áhrif á málnotkun og þar með rannsóknarniðurstöður. Þátttakendur þurftu að velja kyn (karl, kona eða annað). Allir þátttakendur skilgreindu sig annaðhvort sem karl eða konu, samtals 238 þátttakendur, þar af 183 konur og 55 karlar. Þrjár kannanir eins karlmanns gilda sem ein vegna þess að sömu svör voru send inn þrisvar sinnum.




Mynd 1. Kyn þátttakenda

Ákveðið var að skipta þátttakendum í fjóra aldurshópa í niðurstöðunum: 18 til 30 ára, 31 til 50 ára, 51 til 70 ára, og 71 árs og eldri. Þó að það hafi ekki verið hægt að stjórna hver tók þátt í könnuninni reyndi ég fyrst að senda hana sem sérskilaboð til fjölbreytts hóps af fólki sem ég þekki. Fólk byrjaði að deila könnunina sjálft og á endanum voru þátttakendur orðnir mjög margir, en þó aðallega konur á milli 31 og 50 ára. Hins vegar var svolítið


erfitt að finna þátttakendur sem eru 71 árs eða eldri, væntanlega vegna þess að tölvunotkun er minni hjá þeim aldurshópi. Eftir margar ólíkar tilraunir til að ná til hópsins datt mér í hug að sækja um aðgang í hópa á *Facebook* sem heita „Íslendingar á Tenerife“ og „Íslendingar á Spáni Costa Blanca“ og biðja um hjálp; og þar fékk ég næstum því alla þátttakendur á þessum aldri.

Samtals voru 238 þátttakendur:

- 39 þátttakendur á milli 18 og 30 ára; 11 karlar og 28 konur
- 114 þátttakendur á milli 31 og 50 ára; 22 karlar og 92 konur
- 53 þátttakendur á milli 51 og 70 ára; 11 karlar og 42 konur
- 32 þátttakendur sem eru 71 árs eða eldri; 11 karlar og 21 konur



Mynd 2. Aldur þátttakenda



Mynd 3. Aldur og kyn þátttakenda

Í öllum hópum eru það konur sem taka mest þátt í könnuninni, en það getur verið vegna þess að þær hafa meiri áhuga á málinu, eða eru viljugri til að taka þátt í könnunum almennt. Einnig má vera að dreifingin á *Facebook* hafi frekar náð til kvenna. Langfjölmennasti hópurinn, ef horft er á kyn og aldur, er konur á aldrinum 31 til 50 ára.

## 5.2 B-hluti: Hvaða starfsheiti vantar?

Í b-hluta áttu þátttakendur að fylla í eyðu starfsheiti sem vantaði í setningar sem voru gefnar. Með á listanum voru setningar þar sem starfsheiti voru prófuð án þess að tengjast kyni sérstaklega svo að þátttakendur myndu síður átta sig á rannsóknarefninu. Í töflum 6-11 hér á eftir er að sjá meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa, fyrir konur vinstra megin og karla hægra megin. Meðalhluftalið er sem sagt meðaltalið af svörum allra aldurshópa, en það gefur almennari mynd af niðurstöðum. Ef samtalan væri tekin þá myndu fjölmennustu aldurshóparnir fá mest vægi og fámennari hópar týnast í þeim tölum. Það er munur á milli aldurshópa eins og við sjáum í kafla 5.1 og þess vegna er þessi leið farin til að aldurshópurinn 31 til 50 ára yfirgnæfi ekki aðra. Prósentutölurnar eru námundaðar að heilli tölu; þess vegna er samtala allra orða ekki nákvæmlega 100%. Summan getur til dæmis verið 98% eða 102%. Fyrst verða niðurstöður skoðaðar með því að bera saman meðalhluftfall aldurshópa á milli kynja og svo verður hlutfall ólíkra svarmöguleika skoðað eftir aldurshópum og kynjum.

Það er ekki mikill munur milli kynja þegar meðaltal allra aldurshópa er skoðað; bæði karlar og konur velja frekar starfsheiti í karlkyni þegar vísað er til kvenna, þó að herra hlutfall karla noti karlkyn í flestum orðum. Þetta má t.d. sjá í orðum sem enda á *-maður/-kona*, eins og *blaðamaður*, *listamaður*, *slökkviliðsmaður*, *stjórnmalamaður* og *þingmaður*. Hins vegar er hlutfallið á orðum sem enda á *-kona* herra hjá konum en körlum, og jafvel herra en *-maður* ef skoðað er starfsheitið *listakona*. Hér má sjá dæmi um nokkur orð, en heildarlista má finna í töflu 31 í viðauka 3.

EYÐUFYLLING STARFSHEITI	Meðalhluftfall aldurshópa Konur	Meðalhluftfall aldurshópa Karlar
Blaðamaður	64%	<b>72%</b>
Blaðakona	<b>27%</b>	19%
Annað	9%	10%
Listamaður	33%	<b>45%</b>
Listakona	<b>63%</b>	44%
Annað	5%	11%
Slökkviliðsmaður	57%	<b>62%</b>
Slökkviliðskona	<b>36%</b>	24%
Annað	8%	15%
Stjórnmalamaður	39%	<b>51%</b>
Stjórnmalakona	<b>38%</b>	32%
Annað	23%	20%
Þingmaður	52%	<b>71%</b>
Þingkona	<b>42%</b>	21%
Annað	7%	9%

Tafla 6. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa – nokkur starfsheiti

Það er áhugavert að sjá að það gerist ekki þegar um starfsheitið *lögreglumaður* er að ræða, bæði karlar og konur velja oftast starfsheitið *lögreglukona* og hlutfallið er nokkuð jafnt á milli kynja þátttakenda. Ástæðan getur verið að möguleikarnir eru fleiri, því það er einnig algengt að segja *lögga*, *lögregla* og *lögregluþjónn*. Þannig er *lögreglumaður* ekki jafn sjálfgefið orð eins og t.d. *starfsmaður* eða *yfirmaður*.

EYÐUFYLLING STARFSHEITI	Meðalhluftfall aldurshópa Konur	Meðalhluftfall aldurshópa Karlar
Lögregluþjónn	13%	13%
Lögreglumaður	14%	13%
Lögreglukona	<b>58%</b>	<b>57%</b>
Lögga	6%	6%
Annað	11%	12%
Starfsmaður	<b>79%</b>	<b>85%</b>
Starfskona	3%	2%
Annað	18%	13%
Yfirmaður	<b>87%</b>	<b>80%</b>
Yfirkona	2%	0%
Annað	11%	20%

Tafla 7. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa – nokkur starfsheiti

Bæði karlar og konur nota einnig oftast kvenkyn í starfsheitunum *hárgreiðslukona*, *leikkona* og *söngkona*. Það kemur ekki á óvart vegna þess að þessi starfsheiti hafa verið í notkun í lengri tíma í samfélaginu og störfín eru bundin kynjunum á sérstakan hátt.

EYÐUFYLLING STARFSHEITI	Meðalhluftfall aldurshópa Konur	Meðalhluftfall aldurshópa Karlar
Hársnyrtir	17%	5%
Hárgreiðslumaður	4%	3%
Hárgreiðslukona	<b>70%</b>	<b>73%</b>
Annað	10%	20%
Leikari	20%	16%
Leikkona	<b>78%</b>	<b>76%</b>
Annað	3%	9%
Söngvari	9%	7%
Söngkona	<b>68%</b>	<b>70%</b>
Annað	24%	23%

Tafla 8. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa – nokkur starfsheiti

Starfsheiti sem upphaflega voru notuð í kvenkyni í málinu eru ekki valin þegar vísað er til karla eins og sést í starfsheitum á borð við *flugfreyja*, *hjúkrunarkona* eða *ræstingakona*. Oftast velja þátttakendur *flugbjónn*, *hjúkrunarfræðingur* og *ræstitæknir*. Hins vegar gerist það ekki með starfsheitið *ljósmóðir* en það getur verið vegna þess að það hefur ekki annað orð verið samþykkt opinberlega. Einnig er augljós skýring sú að það eru engir karlmenn á Íslandi sem hafa gerst ljósmæður og þess vegna er engin hefð fyrir notkun þess (*Íslenskur maður vill verða ljósfaðir*, 2020). Engu að síður velja nokkrir starfsheitið ljósfaðir í dæminu.

EYÐUFYLLING STARFSHEITI	Meðalhluftfall aldurshópa Konur	Meðalhluftfall aldurshópa Karlar
Flugþjónn	79%	76%
Flugfreyja	12%	9%
Flugfreyr	1%	2%
Annað	8%	12%
Hjúkrunarfræðingur	87%	62%
Hjúkka	0%	2%
Hjúkrunarkona	9%	27%
Annað	5%	10%
Ræstítæknir	83%	66%
Ræstingakona	15%	18%
Annað	3%	17%
Ljós móðir	81%	74%
Ljósfaðir	10%	8%
Annað	10%	18%

Tafla 9. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa – nokkur starfsheiti

Starfsheitin sem enda á *-herra* eru valin oftar en þau sem enda á *-frú* og oftar valmöguleikinn *annað*. Nokkrir þátttakendur, aðallega konur, benda á að þeir myndu vilja nota *annað* orð þó þeir velji starfsheitin sem enda á *-herra*. Áhugavert er að fleiri þátttakendur eru tilbúnir að nota *ljósfaðir* heldur en *sendifrú*, mögulega vegna þess að fólk er vant því að konur séu titlaðar *sendiherra*, en ekki vant því að karlmenn séu titlaðir, *ljósmóðir*.

EYÐUFYLLING STARFSHEITI	Meðalhluftfall aldurshópa Konur	Meðalhluftfall aldurshópa Karlar
Forsætisráðherra	97%	95%
Forsætisráðfrú	2%	2%
Annað	2%	2%
Sendiherra	90%	89%
Sendifrú	3%	2%
Annað	7%	9%

Tafla 10. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa – nokkur starfsheiti

*Kennari* og *leikskólakennari* eru einnig oftast valin vegna þess að *kennslukona* eða *fóstra* eru að mestu leyti úrelt í dag, sama gerist með starfsheitið *bóndi*, mjög fáir velja bóndakona, sem upphaflega merkti eiginkona bónda. En í þessum orðum getur ástæðan

líka verið að starfsheitið í karlkyni endar ekki á *-maður* þannig að fólki finnst það ekki vísa á jafn augljósan hátt til líffræðilegs kyns, þó að endingin -i sé málfræðilega karlkyn. Sama gerist með starfsheitið *skáld*, sem er í hvorugkyni og er langoftast valið hjá báðum kynjum.

EYÐUFYLLING STARFSHEITI	Meðalhluftfall aldurshópa Konur	Meðalhluftfall aldurshópa Karlar
Fóstra	3%	2%
Leikskólakennari	<b>96%</b>	<b>93%</b>
Annað	2%	5%
Kennari	<b>99%</b>	<b>93%</b>
Kennslukona	0%	4%
Annað	1%	3%
Bóndi	<b>92%</b>	<b>87%</b>
Bóndakona	4%	2%
Annað	4%	11%
Skáld	<b>87%</b>	<b>81%</b>
Skáldkona	2%	2%
Annað	10%	17%

Tafla 11. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa – nokkur starfsheiti

Valið á milli *hótelstjóri* og *hótelstýra*, til að vísa til konu, er í meira jafnvægi hjá báðum kynjum, en þó velja karlmenn starfsheitið í karlkyni oftar en konur.

EYÐUFYLLING STARFSHEITI	Meðalhluftfall aldurshópa Konur	Meðalhluftfall aldurshópa Karlar
Hótelstjóri	49%	<b>55%</b>
Hótelstýra	49%	38%
Annað	2%	8%

Tafla 12. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa – nokkur starfsheiti

Nú verður hlutfall svara skoðað fyrir kyn- og aldurshópa og kannað hvort mun sé að finna og hvort eitthvert mynstur megi greina í þeim mun. Í ljós kemur að yngra fólk, aðallega yngri konur, velja oftar starfsheiti sem endar á *-kona* heldur en eldra fólk og mun oftar en eldri menn (sjá töflu 32 í viðauka). Karlar í elsta hópnum eru líklegastir til að velja starfsheiti í kvenkyni, eins og *hárgreiðslukona*, *hjúkrunarkona*, *fóstra* eða *ræstingakona*,



sem telja má upphafleg eða gömul. Hlutfallið er einnig hæst hjá þeim þegar um starfsheitið *ljósfaðir* er að ræða.

EYÐUFYLLING STARFSHEITI	Konur 18-30	Konur 31-50	Konur 51-70	Konur 71+	Karlar 18-30	Karlar 31-50	Karlar 51-70	Karlar 71+
Hársnyrtir	18%	16%	19%	14%	15%	5%	0%	0%
Hárgreiðslumaður	0%	0%	5%	10%	0%	10%	0%	0%
Hárgreiðslukona	79%	70%	60%	71%	62%	65%	<b>82%</b>	<b>82%</b>
Annað	3%	14%	16%	5%	23%	20%	18%	18%
Hjúkrunarfræðingur	<b>96%</b>	<b>91%</b>	<b>88%</b>	<b>71%</b>	<b>70%</b>	<b>85%</b>	55%	36%
Hjúkka	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	9%
Hjúkrunarkona	0%	4%	7%	24%	15%	10%	<b>45%</b>	<b>36%</b>
Annað	4%	5%	5%	5%	15%	5%	0%	18%
Fóstra	0%	0%	0%	10%	0%	0%	0%	<b>9%</b>
Leikskólakennari	<b>96%</b>	<b>98%</b>	<b>98%</b>	<b>90%</b>	<b>85%</b>	<b>95%</b>	<b>100%</b>	<b>91%</b>
Annað	4%	2%	2%	0%	15%	5%	0%	0%
Ljós móðir	75%	82%	86%	81%	69%	80%	82%	64%
Ljósfaðir	11%	10%	12%	5%	0%	5%	0%	<b>27%</b>
Annað	15%	8%	2%	14%	31%	15%	18%	9%
Ræstitæknir	<b>75%</b>	<b>89%</b>	<b>86%</b>	<b>81%</b>	<b>69%</b>	<b>75%</b>	<b>64%</b>	<b>55%</b>
Ræstingakona	<b>25%</b>	10%	10%	14%	15%	10%	<b>27%</b>	<b>18%</b>
Annað	0%	1%	4%	5%	16%	15%	9%	27%

Tafla 13. Hlutfall á milli kynja og aldurshópa – nokkur starfsheiti

Fólk virðist oft forðast að nota orð með seinni liðnum *-maður* eða *-kona*, ef önnur orð eru í notkun, eins og t.d. *bóndi*, *hjúkrunarfræðingur*, *kennari*, *leikskólakennari*, *ræstitæknir* eða *skáld*. Þetta á þó ekki við um *hárgreiðslukona*, *leikkona*, *lögreljukona* og *söngkona* eins og áður hefur verið nefnt, en þessi orð voru mun oftast notuð *hársnyrtir*, *leikari*, *lögreljuþjónn* og *söngvari*. Þessu er öfugt farið í starfsheitum eins og *starfskona* eða *yfirkona* þar sem þátttakendur velja oftast starfsheitið í karlkyni, jafnvel þó þau innihaldi seinni liðinn *-maður*.

EYÐUFYLLING STARFSHEITI	Konur 18-30	Konur 31-50	Konur 51-70	Konur 71+	Karlar 18-30	Karlar 31-50	Karlar 51-70	Karlar 71+
Bóndi	<b>89%</b>	<b>96%</b>	<b>93%</b>	<b>90%</b>	<b>77%</b>	<b>90%</b>	<b>100%</b>	<b>82%</b>
Bóndakona	7%	4%	5%	0%	8%	0%	0%	0%
Annað	4%	0%	2%	10%	15%	10%	0%	18%
Hjúkrunarfræðingur	<b>96%</b>	<b>91%</b>	<b>88%</b>	<b>71%</b>	<b>70%</b>	<b>85%</b>	55%	36%
Hjúkka	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	9%
Hjúkrunarkona	0%	4%	7%	24%	15%	10%	<b>45%</b>	<b>36%</b>
Annað	4%	5%	5%	5%	15%	5%	0%	18%
Fóstra	0%	0%	0%	10%	0%	0%	0%	<b>9%</b>
Leikskólakennari	<b>96%</b>	<b>98%</b>	<b>98%</b>	<b>90%</b>	<b>85%</b>	<b>95%</b>	<b>100%</b>	<b>91%</b>
Annað	4%	2%	2%	0%	15%	5%	0%	0%
Kennari	<b>100%</b>	<b>98%</b>	<b>98%</b>	<b>100%</b>	<b>92%</b>	<b>90%</b>	<b>100%</b>	<b>91%</b>
Kennslukona	0%	0%	0%	0%	0%	5%	0%	<b>9%</b>
Annað	0%	2%	2%	0%	8%	5%	0%	0%
Ræstítæknir	<b>75%</b>	<b>89%</b>	<b>86%</b>	<b>81%</b>	<b>69%</b>	<b>75%</b>	<b>64%</b>	<b>55%</b>
Ræstingakona	<b>25%</b>	10%	10%	14%	15%	10%	<b>27%</b>	<b>18%</b>
Annað	0%	1%	4%	5%	16%	15%	9%	27%
Skáld	<b>89%</b>	<b>86%</b>	<b>83%</b>	<b>90%</b>	<b>85%</b>	<b>75%</b>	<b>82%</b>	<b>82%</b>
Skáldkona	0%	3%	5%	0%	0%	0%	9%	0%
Annað	11%	11%	12%	10%	15%	25%	9%	18%

Tafla 14. Hlutfall á milli kynja og aldurshópa – nokkur starfsheiti

Þar sem þátttakendur þurfa að velja milli *-herra* eða *-frú*, þá eru oftast valin starfsheiti sem enda á *-herra*. Það er áhugavert að sjá að aðeins eru dæmi um að konur á milli 18 og 50 ára og karlar á milli 18 og 30 ára velji *forsætisráðfrú* eða *sendifrú*, og þau dæmi eru mjög fá, en engin dæmi er að finna í öðrum hópum.

EYÐUFYLLING STARFSHEITI	Konur 18-30	Konur 31-50	Konur 51-70	Konur 71+	Karlar 18-30	Karlar 31-50	Karlar 51-70	Karlar 71+
Forsætisráðherra	<b>96%</b>	<b>90%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>	<b>84%</b>	<b>95%</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>
Forsætisráðfrú	<b>4%</b>	<b>3%</b>	0%	0%	<b>8%</b>	0%	0%	0%
Annað	0%	7%	0%	0%	8%	5%	0%	0%
Sendiherra	89%	86%	96%	90%	84%	90%	100%	82%
Sendifrú	<b>5%</b>	<b>8%</b>	0%	0%	<b>8%</b>	0%	0%	0%
Annað	8%	6%	4%	10%	8%	10%	0%	18%

Tafla 15. Hlutfall á milli kynja og aldurshópa – nokkur starfsheiti

Þegar vísað er til kvenna og valið er starfsheiti sem endar á *-kona* er hlutfallið venjulega hæst hjá yngri konum, jafnvel oft hærri en starfsheiti sem endar á *-maður*, sem dæmi eru starfsheiti eins og *blaðakona*, *listakona*, *slökkviliðskona*, *stjórnmalakona* og *þingkona*. Sama gerist með starfsheitið *hótelstjóri* og *hótelstýra*.

EYÐUFYLLING STARFSHEITI	Konur 18-30	Konur 31-50	Konur 51-70	Konur 71+	Karlar 18-30	Karlar 31-50	Karlar 51-70	Karlar 71+
Blaðamaður	61%	59%	67%	71%	54%	60%	<b>91%</b>	<b>82%</b>
Blaðakona	<b>39%</b>	<b>36%</b>	26%	5%	31%	35%	9%	0%
Annað	0%	5%	7%	24%	15%	5%	0%	18%
Listamaður	21%	24%	33%	52%	23%	30%	<b>64%</b>	<b>64%</b>
Listakona	<b>75%</b>	<b>75%</b>	64%	38%	54%	60%	36%	27%
Annað	4%	1%	3%	10%	23%	10%	0%	9%
Slökkviliðsmaður	43%	45%	71%	67%	54%	40%	<b>73%</b>	<b>82%</b>
Slökkviliðskona	<b>54%</b>	<b>50%</b>	21%	19%	31%	45%	9%	9%
Annað	3%	5%	8%	14%	16%	15%	18%	9%
Stjórnmalamaður	18%	28%	48%	62%	62%	40%	36%	<b>64%</b>
Stjórnmalakona	<b>46%</b>	<b>53%</b>	40%	14%	15%	40%	<b>55%</b>	18%
Annað	36%	19%	12%	24%	23%	20%	9%	18%
Þingmaður	32%	43%	60%	71%	54%	55%	<b>82%</b>	<b>91%</b>
Þingkona	<b>57%</b>	<b>54%</b>	36%	19%	31%	35%	18%	0%
Annað	11%	3%	4%	10%	15%	10%	0%	9%
Hótelstjóri	25%	30%	71%	71%	46%	45%	55%	<b>73%</b>
Hótelstýra	<b>71%</b>	<b>67%</b>	29%	29%	46%	50%	36%	18%
Annað	4%	3%	0%	0%	8%	5%	9%	9%

Tafla 16. Hlutfall á milli kynja og aldurshópa – nokkur starfsheiti

Nokkrir menn sem tóku þátt í könnuninni svöruðu ekki eins og beðið var um. Hér eru tekin nokkur dæmi:

Tveir karlar á milli 18 og 30

- Aðalheiður starfar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, hún er *hrædd við gaurinn sem vinnur næturvaktir*.
- Arna vinnur við ræstingar, hún er *að leita sér að annarri vinnu*.
- Ingibjörg H. Bjarnason var fyrsta íslenska konan til að taka sæti á alþingi, hún var *svöl* frá 1922–1930.
- Jóna Bæring býr til fallega list. Hún er *samt ofmetin*.

- Pétur afgreiðir fólk í flugvélum, hann er *dópsali*.
- Vinkona mín tekur þátt í stjórnmálum, hún er *besti uppistandarinn/femínisti*.

#### Tveir karlar á milli 31 og 50 ára

- Aðalheiður starfar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, hún er *með stjórnunar complexa og minnimáttarkennd*.
- María vinnur við að skrifa fréttir á Morgunblaðinu, hún starfar sem *blaðakarl*.
- Melkorka Möller skrifar ljóð og hefur gefið út 20 ljóðabækur, hún er *of viss um egið ágæti*.
- Saga stjórnar hóteli, hún er *stjórnsöm/ pottþétt karl*.
- Pétur afgreiðir fólk í flugvélum, hann er *gay* (*p.s. ég líka, gefðu honum nr mitt*).
- Halldóra Geirharðsdóttir er *kynjafræðingurinn með massive complexa yfir því hvernig við skiljum og skrifum orð sem ná yfir ákveðna hluti OG ... (nei sorry það ert þú)* sem fer með aðalhlutverk í myndinni „Kona fer í stríð“.

#### Tveir karlar 71 árs og eldri

- Ólafi líður vel í vinnunni. Salka er yfir honum og er mjög næs *þjáist af kynferðisofbeldi*.
- Helgi Þór er hjúkrunarfræðingur en hann vill mennta sig meira til að geta tekið á móti börnum. Hann vill verða *fyrsti móttökustjóri*.

Í þessum svörum og fleirum má sjá ákveðna tilhneigingu karlkyns þátttakenda til að gera lítið úr könnuninni. Einnig má sjá dæmi um að þeir forðist að nota kvenkyns orð yfir karlmenn (*ljósmóðir* og *flugfreyja*), eða virðuleg karlkyns starfsheiti yfir konur (*yfirmaður*).

Í umfjölluninni sjáum við að orðaforðinn er að breytast hjá yngri aldurshópum, að konur vilja vera betur sýnilegar í tungumálinu og velja frekar að vera kallaðar *konur* en ekki *menn* þegar starfsheitið endar annaðhvort á *-maður* eða *-kona*. Slíka þróun má nánast ekki greina í neinum mæli í starfsheitum sem hafa *-herra* sem seinni lið.

### **5.3 C-hluti: Hvaða orð finnst þér passa best?**

Í c-hluta voru aðeins setningar sem eiga við rannsóknarefnið og valkostir til að velja úr, hér var ekki hægt að skrifa svar nema ef þátttakendur völdu „annað“. Nokkrar konur á milli 31 og 50 ára nýttu það til að skrifa athugasemdir, en ekki annað starfsheiti. Þær völdu starfsheitin í karlkyni en skrifuðu í „annað“ þeirra skoðun eins og til dæmis:

- „Myndi nota ókynjað ef ég kynni annað heiti“
- „Ég veit ekki hvað það ætti að vera, en eitthvað kynlaust“
- „Veit ekki en herra passar ekki yfir konu og frú ber ekki sömu skilaboð og herra. Vill fá nýtt orð hér“
- „Aftur nota forsætisráðherra en vill nýtt orð“
- „Veit ekki, vantar eitthvað gott kynlaust orð í staðinn fyrir yfirmaður“

Á næstu tveimur blaðsíðum er tafla þar sem fram kemur meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa í b-hluta og c-hluta, fyrir konur vinstra megin og karla hægra megin, til að bera saman það sem þau skrifuðu fyrst og völdu svo. Bæði hjá konum og körlum lækka oftast starfsheiti sem enda á *-maður* og hlutfall hækkar á starfsheitum sem enda á *-kona*, en einnig á *-stýra*, *-frú*, og *-faðir*. Nokkur starfsheiti sem enda á *-kona* lækka en það eru starfsheiti þar sem valmöguleikarnir eru fleiri, þar sem ekki aðeins starfsheiti sem enda á *-maður* eða *-kona* eru í boði. Þátttakendur breyta svarinu og velja annað starfsheiti eins og *flugþjónn*, *hársnyrtir*, *hjúkrunarfræðingur*, *lögfræðingur*, *lögregluþjónn* og *ræstitæknir*. Starfsheiti sem enda á *-maður* lækka þó líka í þessum tilvikum.

STARFSHEITI	Eyðufylling - Meðalhluftfall aldurshópa - Konur	Orðaval - Meðalhluftfall aldurshópa - Konur	Eyðufylling - Meðalhluftfall aldurshópa - Karlur	Orðaval - Meðalhluftfall aldurshópa - Karlur
Blaðamaður	64%	<b>55%</b>	72%	<b>62%</b>
Blaðakona	27%	<b>44%</b>	19%	<b>30%</b>
Annað	9%	3%	10%	8%
Bóndi	92%	90%	87%	87%
Bóndakona	4%	<b>8%</b>	2%	<b>9%</b>
Annað	4%	2%	11%	5%
Flugþjónn	79%	<b>86%</b>	76%	<b>82%</b>
Flugfreyja	12%	10%	9%	6%
Flugfreyr	1%	2%	2%	4%
Annað	8%	3%	12%	9%
Forsætisráðherra	97%	<b>89%</b>	95%	<b>89%</b>
Forsætisráðfrú	2%	<b>10%</b>	2%	<b>8%</b>
Annað	2%	1%	2%	3%
Fóstra	3%	3%	2%	<b>6%</b>
Leikskólakennari	96%	97%	93%	89%
Annað	2%	5%	1%	5%
Hársnyrtir	17%	<b>33%</b>	5%	<b>18%</b>
Hárgreiðslumaður	4%	8%	3%	4%
Hárgreiðslukona	70%	<b>58%</b>	73%	<b>64%</b>
Annað	10%	2%	20%	12%
Hjúkrunarfræðingur	87%	<b>96%</b>	62%	<b>77%</b>
Hjúkka	0%	0%	2%	4%
Hjúkrunarkona	9%	<b>4%</b>	27%	<b>16%</b>
Annað	5%	0%	10%	3%
Hótelstjóri	49%	38%	55%	46%
Hótelstýra	49%	<b>62%</b>	38%	<b>51%</b>
Annað	2%	0%	8%	3%
Kennari	99%	94%	93%	89%
Kennslukona	0%	<b>5%</b>	4%	<b>8%</b>
Annað	1%	1%	3%	3%
Leikari	20%	21%	16%	14%
Leikkona	78%	78%	76%	<b>81%</b>
Annað	3%	0%	9%	6%
Listamaður	33%	41%	45%	48%
Listakona	63%	58%	44%	44%
Annað	5%	2%	11%	8%

Ljós móðir	81%	81%	74%	79%
Ljós faðir	10%	<b>17%</b>	8%	<b>14%</b>
Annað	10%	2%	18%	7%
Lögfræðingur	42%	<b>59%</b>	29%	<b>39%</b>
Lögmaður	49%	40%	65%	54%
Löggkona	1%	1%	0%	2%
Annað	9%	0%	7%	6%
Lögregluþjónn	13%	<b>33%</b>	13%	<b>31%</b>
Lögreglumaður	14%	17%	13%	29%
Lögreglukona	58%	<b>41%</b>	57%	<b>29%</b>
Lögga	6%	6%	6%	7%
Annað	11%	3%	12%	3%
Ræstitæknir	83%	<b>87%</b>	66%	<b>76%</b>
Ræstingakona	15%	<b>11%</b>	18%	<b>13%</b>
Annað	3%	2%	17%	9%
Sendiherra	90%	86%	89%	81%
Sendifrú	3%	<b>12%</b>	2%	<b>11%</b>
Annað	7%	2%	9%	9%
Skáld	87%	82%	81%	80%
Skáldkona	2%	<b>17%</b>	2%	<b>8%</b>
Annað	10%	1%	17%	12%
Slökkviliðsmaður	57%	54%	62%	63%
Slökkviliðskona	36%	<b>44%</b>	24%	<b>26%</b>
Annað	8%	2%	15%	11%
Söngvari	9%	16%	7%	7%
Söngkona	68%	<b>83%</b>	70%	<b>80%</b>
Annað	24%	2%	23%	13%
Starfsmaður	79%	79%	85%	84%
Starfskona	3%	<b>7%</b>	2%	<b>7%</b>
Annað	18%	14%	13%	10%
Stjórnmalamaður	39%	47%	51%	61%
Stjórnmalakona	38%	<b>48%</b>	32%	31%
Annað	23%	4%	20%	8%
Yfirmaður	87%	89%	80%	84%
Yfirkona	2%	<b>6%</b>	0%	<b>3%</b>
Annað	11%	5%	20%	13%
Þingmaður	53%	60%	71%	70%
Þingkona	40%	40%	21%	23%
Annað	7%	0%	9%	7%

Tafla 17. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa í b-hluta og c-hluta

Í töflunni sést að hlutfall starfsheita í kvenkyni er almennt hærra hjá konum, bæði í b- og c-hluta. Undantekningar frá þessu eru starfsheitin *hárgreiðslukona*, *hjúkrunarkona* og *ræstingakona*. Það sem hækkar þá eru starfsheitin *hársnyrtir*, *hjúkrunarfræðingur* og *ræstitæknir*.

Það var einnig áhugavert að sjá að þegar þátttakendur kusu „annað“ skrifuðu þeir venjulega hlutlausara starfsheiti, sérstaklega konur á milli 31 og 50 ára. Hér eru sum starfsheiti sem þeim fannst viðeigandi og koma fyrir oftast en einu sinni: *bráðaliði*, *flugliði*, *fréttaritari*, *rithöfundur*, *sendifulltrúi*, *starfskraftur*, *starfsmanneskja*, *stjórnandi*, *stjórnámálamanneskja*, *pólítikus*, *yfirmanneskja*.

Í viðauka er tafla þar sem hægt er að sjá hlutfall á milli aldurshópa hjá konum, en munurinn er ekki mikill. Þegar um *-maður/-kona* er að ræða þá hækkar kvenkynið í orðavalinu frá því sem það er í eyðufyllingu. Hlutfallið á *flugfreyja*, *hárgreiðslukona*, *hjúkrunarkona*, *lögreljukona* og *ræstingakona* lækka vegna þess að nokkrar konur velja í staðinn starfsheitin *flugþjónn*, *hársnyrtir*, *hjúkrunarfræðingur*, *lögreljuþjónn* og *ræstitæknir*.

STARFSHEITI	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval
	Konur 18-30	Konur 18-30	Konur 31-50	Konur 31-50	Konur 51-70	Konur 51-70	Konur 71+	Konur 71+
Flugþjónn	64%	<b>68%</b>	73%	<b>76%</b>	93%	<b>98%</b>	86%	<b>100%</b>
Flugfreyja	32%	25%	15%	12%	2%	2%	0%	0%
Flugfreyr	0%	4%	3%	5%	0%	0%	0%	0%
Annað	4%	4%	8%	7%	5%	0%	14%	0%
Hársnyrtir	18%	<b>39%</b>	16%	<b>34%</b>	19%	<b>41%</b>	14%	<b>19%</b>
Hárgreiðslumaður	0%	4%	0%	2%	5%	5%	10%	19%
Hárgreiðslukona	79%	<b>57%</b>	70%	<b>60%</b>	60%	<b>52%</b>	71%	<b>62%</b>
Annað	3%	0%	14%	4%	16%	2%	5%	0%
Hjúkrunarfræðingur	96%	<b>100%</b>	91%	<b>97%</b>	88%	<b>98%</b>	71%	<b>90%</b>
Hjúkka	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%
Hjúkrunarkona	0%	0%	4%	<b>2%</b>	7%	<b>2%</b>	24%	<b>10%</b>
Annað	4%	0%	5%	1%	5%	0%	5%	0%
Lögreljuþjónn	11%	<b>25%</b>	12%	<b>34%</b>	17%	<b>36%</b>	10%	<b>38%</b>
Lögreljumaður	7%	14%	14%	12%	19%	19%	14%	24%
Lögreljukona	68%	<b>50%</b>	61%	<b>43%</b>	55%	<b>33%</b>	48%	<b>38%</b>
Lögga	7%	11%	5%	8%	5%	5%	5%	0%
Annað	7%	0%	8%	3%	4%	7%	23%	0%
Ræstitæknir	75%	<b>82%</b>	89%	<b>96%</b>	86%	<b>90%</b>	81%	81%
Ræstingakona	25%	<b>14%</b>	10%	<b>3%</b>	10%	<b>7%</b>	14%	<b>19%</b>
Annað	0%	4%	1%	1%	4%	3%	5%	0%

Tafla 18. Hlutfall á milli aldurshópa í b-hluta og c-hluta – konur – nokkur starfsheiti

Hlutfall starfsheita sem enda á *-kona*, *-stýra* eða *-frú* er hærra hjá yngri konum en eldri konum. Undantekningar eru starfsheiti sem má telja upphafleg eða úrelt: *fóstra*,



*hárgreiðslukona, hjúkrunarkona, kennslukona og ræstingakona*, en einnig orðið *skáldkona*. Það er áhugavert að sjá að hlutfall kvenkyns starfsheita hækkar frekar mikið hjá eldri konum þegar eftirfarandi orð eru gefin sem valmöguleikar, borið saman við eyðufyllingu: *blaðakona, hótelistýra, ljósfaðir, skáldkona, söngkona og stjórnmalakona*.

Í orðinu *söngkona* er ástæðan sú að margar eldri konur þekktu ekki Sigríði Thorlacius og skrifuðu meðal annars *kona* eða *Íslendingur* í eyðufyllinguna. Það sama gerðist einnig hjá körlum sem eru 71 árs eða eldri. Í tilraunakönnun sem var gerð áttu þátttakendur að vísa til Bjarkar með starfsheiti, en orðin sem þátttakendur völdu voru of fjölbreytileg.

STARFSHEITI	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval
	Konur 18-30	Konur 18-30	Konur 31-50	Konur 31-50	Konur 51-70	Konur 51-70	Konur 71+	Konur 71+
Blaðamaður	61%	50%	59%	45%	67%	62%	71%	57%
Blaðakona	39%	<b>46%</b>	36%	<b>49%</b>	26%	<b>36%</b>	5%	<b>43%</b>
Annað	0%	4%	5%	6%	7%	2%	24%	0%
Hótelistjóri	25%	21%	30%	26%	71%	52%	71%	52%
Hótelistýra	71%	<b>79%</b>	67%	<b>73%</b>	29%	<b>48%</b>	29%	<b>48%</b>
Annað	4%	0%	3%	1%	0%	0%	0%	0%
Ljósmyndir	75%	86%	82%	74%	86%	83%	81%	81%
Ljósfaðir	11%	11%	10%	<b>21%</b>	12%	<b>17%</b>	5%	<b>19%</b>
Annað	15%	3%	8%	5%	2%	0%	14%	0%
Skáld	89%	<b>93%</b>	86%	<b>92%</b>	83%	76%	90%	67%
Skáldkona	0%	<b>7%</b>	3%	<b>8%</b>	5%	<b>19%</b>	0%	<b>33%</b>
Annað	11%	0%	11%	0%	12%	5%	10%	0%
Söngvari	0%	11%	10%	15%	14%	24%	10%	14%
Söngkona	72%	<b>89%</b>	80%	<b>84%</b>	72%	<b>76%</b>	48%	<b>81%</b>
Annað	28%	0%	10%	1%	14%	0%	42%	5%
Stjórnmalamaður	18%	<b>32%</b>	28%	<b>35%</b>	48%	<b>50%</b>	62%	<b>71%</b>
Stjórnmalakona	46%	<b>57%</b>	53%	<b>60%</b>	40%	<b>45%</b>	14%	<b>29%</b>
Annað	36%	4%	19%	5%	12%	5%	24%	0%

Tafla 19. Hlutfall á milli aldurshópa í b-hluta og c-hluta – konur – nokkur starfsheiti

Hlutfall starfsheitanna *forsætisráðfrú* og *sendifrú* hækkar sérstaklega hjá yngri konum þegar orðin eru gefin sem valkostir, borið saman við eyðufyllingu.

STARFSHEITI	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval
	Konur 18-30	Konur 18-30	Konur 31-50	Konur 31-50	Konur 51-70	Konur 51-70	Konur 71+	Konur 71+
Forsætisráðherra	96%	82%	90%	84%	100%	95%	100%	95%
Forsætisráðfrú	4%	<b>18%</b>	3%	<b>11%</b>	0%	<b>5%</b>	0%	<b>5%</b>
Annað	0%	0%	7%	5%	0%	0%	0%	0%
Sendiherra	89%	71%	86%	82%	96%	95%	90%	95%
Sendifrú	5%	<b>25%</b>	8%	<b>13%</b>	0%	<b>5%</b>	0%	<b>5%</b>
Annað	8%	4%	6%	5%	4%	0%	10%	0%

Tafla 20. Hlutfall á milli aldurshópa í b-hluta og c-hluta – konur – nokkur starfsheiti

Hlutfall aldurshópa hjá körlum fer ekki alltaf í sömu átt og hjá konum því hér er munur á milli yngri og eldri karla (sjá töflu 36 í viðauka). Karlar sem eru 71 árs eða eldri skipta ekki mikið um skoðun og velja frekar starfsheiti í karlkyni.

STARFSHEITI	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval
	Karlar 18-30	Karlar 18-30	Karlar 31-50	Karlar 31-50	Karlar 51-70	Karlar 51-70	Karlar 71+	Karlar 71+
Blaðamaður	54%	46%	60%	65%	91%	55%	82%	82%
Blaðakona	31%	46%	35%	30%	9%	45%	0%	0%
Annað	15%	8%	5%	5%	0%	0%	18%	18%
Flugbjónn	77%	84%	70%	70%	73%	91%	82%	82%
Flugfreyja	15%	8%	20%	15%	0%	0%	0%	0%
Flugfreyr	0%	0%	0%	5%	0%	0%	9%	9%
Annað	8%	8%	10%	10%	21%	9%	9%	9%
Forsætisráðherra	84%	69%	95%	85%	100%	100%	100%	100%
Forsætisráðfrú	8%	23%	0%	10%	0%	0%	0%	0%
Annað	8%	8%	0%	5%	0%	0%	0%	0%
Sendiherra	84%	69%	90%	80%	100%	91%	82%	82%
Sendifrú	8%	23%	0%	10%	0%	9%	0%	0%
Annað	8%	8%	10%	10%	0%	0%	18%	18%
Starfsmaður	77%	77%	80%	75%	100%	91%	82%	91%
Starfskona	8%	8%	0%	10%	0%	9%	0%	0%
Annað	15%	15%	20%	15%	0%	0%	18%	9%
Yfirmaður	85%	77%	90%	85%	91%	91%	55%	82%
Yfirkona	0%	8%	0%	5%	0%	0%	0%	0%
Annað	15%	15%	10%	10%	9%	9%	45%	18%
Þingmaður	54%	62%	55%	55%	82%	73%	91%	91%
Þingkona	31%	23%	35%	40%	18%	27%	0%	0%
Annað	15%	15%	10%	5%	0%	0%	9%	9%

Tafla 21. Hlutfall á milli aldurshópa í b-hluta og c-hluta – karlar

Eins og sjá má í töflu 21 velur elsti aldurshópurinn hvorki né skrifar starfsheiti sem enda á *-frú*. Sama gerist með *blaðakona*, *flugfreyja* (vísað er til karlmanns), *starfskona*, *yfirkona* og *þingkona*. Hefðbundin starfsheiti í kvenkyni, eins og *fóstra*, *hárgreiðslukona* og *hjúkrunarkona*, eru hæst hjá þessum aldurshópi, og það sama gildir um *ljósfaðir*. *Ræstingakona* hins vegar er hæst hjá körlum á milli 51 og 70 ára, en áhugavert er að sjá að þeir skipta mikið um skoðun hvað varðar starfsheitið *blaðakona* og kjósa það frekar þegar það eru valkostir.

Eins og fram hefur komið má greina breytingu í svörum flestra hópa, þegar þátttakendur voru meðvitaðri um orðanotkun sína. Elsti hópur karla er þar undantekning. Því má segja að aukin meðvitund um kynjað málfar sé líkleg til að valda breytingu í málnotkun fólks.

## 5.4 D-hluti: Spurningar um rannsóknarefnið

Í fjórða hluta könnunarinnar voru þrjár spurningar til að kanna viðhorf þátttakenda, spurningar um notkun og jafnrétti kynjanna þar sem þeir þurftu að rökstyðja svörin sín. Þær voru: 1) Notar þú oft *-maður* eða *-kona* í starfsheitum þegar þú vísar til kvenna? 2) Notar þú *-maður* í starfsheitum þegar þú vísar til fólks af óþekktu kyni? 3) Finnst þér málnotkun tengjast jafnrétti kynjanna? Í eftirfarandi undirköflum verða svör þátttakenda við spurningunum kynnt.

### 5.4.1 Notar þú oft *-maður* eða *-kona* í starfsheitum þegar þú vísar til kvenna?

Fyrsta spurningin var gerð til að kanna hvort þátttakendur nota *-maður* eða *-kona* í starfsheitum þegar þeir vísa til kvenna. Taflan hér á eftir sýnir meðalhluftfall aldurshópa kvenna og karla. Bæði mikill meirihluti kvenna og karla segist nota starfsheiti sem enda á *-maður*, en hlutfallið er hærra hjá körlum. Þátttakendur voru einnig beðnir um að rökstyðja val sitt og flestir sögðust nota *-maður* vegna málvenju eða hefðar í málinu. Margir þátttakendur benda á að konur séu líka menn. Þeir sem völdu *-kona* rökstuddu það yfirleitt þannig að það nær betur yfir konur.

Spurning 1	Meðalhluftfall aldurshópa Konur	Meðalhluftfall aldurshópa Karlar
Maður	72%	88%
Kona	28%	13%

Tafla 22. Meðalhluftfall aldurshópa kvenna og karla fyrir spurningu 1

Þegar við skoðum hlutfall ólíkra aldurshópa hjá konum sjáum við að munurinn á milli kvenna sem eru á aldrinum 31 til 70 ára er ekki mikill. Hins vegar er áhugavert að sjá hvernig hlutfall þeirra sem segjast nota *maður* hækkar hjá yngsta hópnum og enn meira hjá elsta hópnum. Það er þó ekki endilega víst að munurinn sé marktækur. Svar yngsta hópsins er ekki í samræmi við aðra hluta könnunarinnar, þ.e. þau orð sem hópurinn skrifaði og valdi.

Spurning 1	Konur 18-30	Konur 31-50	Konur 51-70	Konur 71+
Maður	75%	66%	62%	86%
Kona	25%	34%	38%	14%

Tafla 23. Hlutfall ólíkra aldurshópa fyrir spurningu 1 – konur

Hlutfallið hjá körlum er hærra en konum í öllum aldurshópum. Karlar sem eru 71 árs eða eldri segjast allir velja starfsheiti sem enda á *-maður* þegar vísað er til kvenna.

Spurning 1	Karlar 18-30	Karlar 31-50	Karlar 51-70	Karlar 71+
Maður	92%	85%	73%	100%
Kona	8%	15%	27%	0%

Tafla 24. Hlutfall ólíkra aldurshópa fyrir spurningu 1 – karlar

Það er áhugavert að sjá að hjá báðum kynjum er hlutfall þeirra sem segjast nota *-maður* hæst í elsta hópnum, en næsthæst í yngsta hópnum.

#### 5.4.2 Notar þú *-maður* í starfsheitum þegar þú vísar til fólks af óþekktu kyni?

Önnur spurningin var gerð til að kanna hvort þátttakendur nota *-maður* þegar þeir vísa til fólks af óþekktu kyni. Taflan hér á eftir sýnir meðalhlutfall allra aldurshópa kvenna og karla. Bæði konur og karlar nota *-maður* í yfirgnæfandi meirihluta eins og sést á töflunni. Áhugavert er að sjá að hér er meðalhlutfallið hærra hjá konum en körlum, hins vegar er ekki mikill munur á milli kynja.

Spurning 2	Meðalhlutfall aldurshópa Konur	Meðalhlutfall aldurshópa Karlar
Já	90%	86%
Nei	11%	14%

Tafla 25. Meðalhlutfall aldurshópa kvenna og karla fyrir spurningu 2

Hlutfallið er frekar jafnt á milli aldurshópa hjá konum, þar sem langflestar segjast nota *-maður*. Líkt og með spurningu 1 er hlutfallið þó hæst hjá elsta aldurshópnum og næsthæst hjá yngsta aldurshópnum.

Spurning 2	Konur 18-30	Konur 31-50	Konur 51-70	Konur 71+
Já	93%	84%	86%	95%
Nei	7%	16%	14%	5%

Tafla 26. Hlutfall aldurshópa fyrir spurningu 2 – konur

Hlutfallið hjá körlum eykst frá yngstu til elstu karlanna. Mun færri karlar sem eru 18 til 30 ára gamlir segjast nota *-maður* heldur en þeir sem eru 71 árs eða eldri, en munurinn er 31 prósentustig. Þarna virðist notkunin því aukast jafnt og þétt með hækkandi aldri.

Spurning 2	Karlar 18-30	Karlar 31-50	Karlar 51-70	Karlar 71+
Já	69%	85%	91%	100%
Nei	31%	15%	9%	0%

Tafla 27. Hlutfall aldurshópa um spurningu 2 – karlar

Ástæðan sem flestir þátttakendur gefa til að rökstyðja svörin sín er, líkt og í spurningu 1, sú að það sé málvenja að nota *-maður*. Nokkrir segja að þeir noti *-maður* því það sé algengara og inngróið í menninguna.

### 5.4.3 Finnst þér málnotkun tengjast jafnrétti kynjanna?

Síðasta spurning var gerð til að kanna hvort þátttakendum finnst málnotkun tengjast jafnrétti kynjanna og flestir svara því játandi, en hlutfallið er hærra hjá konum, eins og sjá má í eftirfarandi töflu.

Spurning 3	Meðalhlutfall aldurshópa Konur	Meðalhlutfall aldurshópa Karlar
Já	76%	61%
Nei	24%	39%

Tafla 28. Meðalhlutfall aldurshópa kvenna og karla fyrir spurningu 3

Þegar við skoðum hlutfall aldurshópa hjá konum er hægt að sjá að það er stór munur á milli þeirra. Langflestum konum 18 til 50 ára gamlar finnst málnotkun tengjast jafnrétti kynjanna en aðeins 52% af konum sem eru 71 árs eða eldri eru á sama máli.

Spurning 3	Konur 18-30	Konur 31-50	Konur 51-70	Konur 71+
Já	89%	88%	74%	52%
Nei	11%	12%	26%	48%

Tafla 29. Hlutfall aldurshópa um spurningu 3 – konur

Það er einnig stór munur á milli yngri og eldri karla, flestum körlum á milli 18 og 50 ára finnst málnotkun tengjast jafnrétti kynjanna, en aðeins 45% af körlum 51 og eldri finnst það.

Spurning 3	Karlar 18-30	Karlar 31-50	Karlar 51-70	Karlar 71+
Já	85%	70%	45%	45%
Nei	15%	30%	55%	55%

Tafla 30. Hlutfall aldurshópa um spurningu 3 – karlar

Þátttakendur sem svöruðu neitandi skrifuðu margir að tungumálið hafi ekki áhrif á jafnrétti, að það skipti engu máli hvort við notum *-maður* vegna þess að við öll erum menn.

Flestir þátttakendur svöruðu játandi og margir rökstuddu svörin sín með því að segja að tungumálið hafi áhrif á hvernig við hugsum; að íslenskan sé mjög karllægt tungumál sem þurfi að taka meira tillit til allra kynja. Nokkur dæmi um svör frá öllum hópum við spurningu 3 má finna í viðauka 2.

Eftir að hafa tekið könnunina höfðu nokkrir þátttakendur samband við mig til að segja mér hversu pirraðir þeir væru á svörum sínum og hversu mikilvægt þeim fannst rannsóknarefnið vera. Þeim fannst nauðsynlegt að breyta starfsheitum til að ná kynjajafnrétti og byrjuðu að ræða um þetta t.d. í vinnunni. Það var einnig markmiðið mitt, að fá fólk til að ræða um rannsóknarefnið. Sumir sögðu mér að þeir höfðu ekki hugsað um þetta mál áður, að tungumálið tengist kynjajafnrétti, og voru alveg hissa á því hvernig þeir svöruðu í fyrsta hluta könnunarinnar vegna þess að þeir notuðu aðallega starfsheiti í karlkyni í svörum sínum.

## 6. Lokaorð

Markmiðið var að kanna hvaða orð þátttakendur nota þegar þeir vísa til starfsheita fólks af ólíkum líffræðilegum kynjum og viðhorf þeirra til orðanna og tungumálsins almennt. Þátttakendur voru þannig beðnir um að skrifa orð, velja orð, leggja mat á orð og loks á tengsl tungumáls og kynjajafnréttis. Eins og rannsóknarniðurstöður sýna nota flestir þátttakendur starfsheiti sem hafa *-maður* sem seinni lið samsetningar þegar vísað er til kvenna eða til fólks af óþekktu kyni. Þegar þátttakendur eru beðnir um að útskýra það frekar, þá nefna þeir að það sé vegna venju eða hefðar tungumálsins. Nokkrir sem kjósa *-maður*, aðallega eldra fólk og sérstaklega karlar sem eru 71 árs eða eldri, segjast gera það af því að konur séu líka menn. Í þeim hlutum þar sem þátttakendur þurftu að klára setninguna sjáum við að tungumálið er að breytast hjá yngri aldurshópum og að konur vilja vera betur sýnilegar í tungumálinu, þær velja frekar að vera kallaðar *konur* en ekki *menn* þegar starfsheitið endar annaðhvort á *-maður* eða *-kona*. Slíka þróun má nánast ekki greina í neinum mæli í starfsheitum sem hafa *-herra* sem seinni lið.

Áhugavert er að sjá að þegar algengara orð til að lýsa starfinu er í kvenkyni, eins og *flugfreyja*, notar fólk frekar karlkynsorðið *flugþjónn* til að lýsa starfsheiti karla. Hins vegar gerist það ekki með starfsheitið *ljósmóðir*, og mögulega hliðstæðu þess *ljósfaðir*, líklegast vegna þess að engir karlmenn starfa sem ljósmæður á Íslandi og karlkynsorðið hefur því sjaldan komið fyrir. Engu að síður velja nokkrir starfsheitið *ljósfaðir* í dæminu, sérstaklega menn sem eru 71 árs eða eldri. Það sýnir að það er ekki bara hefð sem ræður för, heldur að það sé ákveðin tilhneiging til að „leiðrétta“ kynið og uppfæra orðaforðann þegar karlmenn eiga í hlut, en nota áfram karlkyn yfir konur.

Þó að flestir þátttakendur segist nota starfsheiti þar sem *-maður* er seinni liður samsetningar finnst flestum samt nauðsynlegt að breyta tungumálahefðinni. Þannig segist meirihluti þátttakenda vilja nota kynhlutlaus starfsheiti eða starfsheiti þar sem líffræðilegt og málfræðilegt kyn fer saman. Aðallega konum á milli 18 og 50 og körlum á milli 18 og 30 ára finnst málnotkun tengjast kynjajafnrétti, mjög hátt hlutfall þessara hópa (tæplega 90%) svarar eftirfarandi spurningu játandi: *Finnst þér málnotkun tengjast jafnrétti kynjanna?* Þau vilja síður nota orðið *-maður* til að vísa til kvenna og rökstyðja svörin sín með því að segja að það væri réttara að nota önnur starfsheiti því íslenska er mjög karllægt tungumál. Það segir okkur aftur að konur vilja frekar vera kallaðar *konur* en ekki *menn*. Nokkrir þátttakendur benda á að notkun annarra starfsheita sé hluti af jafnréttisbaráttu og

að það geti vonandi haft áhrif á að jafna launamun kynjanna. Það er mikilvægt að breyta starfsheitum til að ná yfir allt fólk sem myndar samfélagið, því eins og margir þátttakendur segja hefur tungumálið áhrif á hvernig við hugsum og högum okkur. Ef tungumálið er útilokandi þá er líklegt að það endurspegli og hafi jafnframt áhrif á samfélagið.

Þegar þátttakendur kusu „annað“ skrifuðu þeir almennt kynhlutlausari orð, eins og t.d. *starfsmanneskja*, *stjórnámálamanneskja* eða *yfirmanneskja*, þó að *-manneskja* vísi sjaldan til starfsheitis eins og fjallað var um í kafla 3. Hér gæti *stjórnámálamanneskja* átt við einhvern sem hefur áhuga á stjórn málafræði en líklegast getur samhengið sagt okkur hvort það vísar til áhuga eða starfs.

Það var mjög áhugavert að kanna viðhorf Íslendinga til orðanna sem hér hafa verið rannsökuð. Ég vil þakka öllum sem tóku þátt í könnuninni, einnig þeim sem tóku hana án þess að svara eins og beðið var um; þau svör sýna að það er nauðsynlegt að halda áfram að vinna til að ná kynjajafnrétti. Kyn skiptir máli í samfélaginu og þar af leiðandi í tungumálinu einnig. Hvort tveggja tungumálið og samfélagið þróast og breytast og svo að vitnað sé aftur í orð Eiríks Rögnvaldssonar: Íslenska þolir það.



## Heimildaskrá

Acín-Villa, Esperanza. 2005. De nuevo sobre el género. *Español actual: Revista de español vivo* 84, 159–162.

Alþingi. 2021. Konur á Alþingi. *Althingi.is*

<https://www.althingi.is/thingmenn/althingismannatal/konur-a-althingi/kjornar-konur/>

Anna Helgadóttir. 2011. *Notkun málfraeðilegra kynja í máli ungs fólks. Rannsókn á kynjanotkun í íslensku máli*. [Meistararitgerð í íslenskum fræðum]. Háskóli Íslands. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/8458>

Auður Eir Vilhjálmsdóttir. (2005, 19. mars). Mál beggja kynja. *Mbl.is*.

<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/1007772/>

Ásta Svavarsdóttir. (2018, 22. júní). Baráttan um tungumálið: Gleðikonur, gleðimenn og annað fólk. *Arnastofnun*.

<https://www.arnastofnun.is/is/greinar/barattan-um-tungumalid-gledikonur-gledimenn-og-annad-folk>

Beauvoir, Simone de. 1989. *The Second Sex*. Translated by H.M. Parsley. New York: Vintage Books.

Biblía 21. aldar – 2007. *Biblian.is*

<https://biblian.is/biblian/>

Bussmann, Hadumod og Marlis Hellinger. 2001. Gender Across Languages. The Linguistic Representation of Women and Men. Í Bussmann, Hadumod og Marlis Hellinger (ritstj.): *Gender Across Languages: The Linguistic Representation of Women and Men*. 1. bindi. John Benjamins, Amsterdam/Philadelphia, 1–25. Academia.

[https://www.academia.edu/6291088/Gender\\_Across\\_Languages\\_2](https://www.academia.edu/6291088/Gender_Across_Languages_2)

Calero Fernández, Mari Ángeles. 1999. *Sexismo lingüístico, análisis y propuestas ante la discriminación sexual en el lenguaje*. Madrid: Narcea.

Charlton, Emma. (2021, 31. mars). These are the top 10 countries for women's rights and opportunities. Word Economic Forum. *Weforum.org*.

<https://www.weforum.org/agenda/2021/03/best-countries-women-s-rights-gender-gap/>

Demonte, Violeta. (2012, 26. mars). Las academias no hacen falta para la unidad del

- idioma. [Viðtal eftir Ricardo Soca]. *Rebelión.org*.  
<https://rebellion.org/las-academias-no-hacen-falta-para-la-unidad-de-la-lengua/>
- Desalambre. (2018, 10. desember). De "todos los hombres" a "todos los seres humanos": las mujeres que dejaron huella en la Declaración Universal de Derechos Humanos. *El diario.es*.  
[https://www.eldiario.es/desalambre/humanos-iguales-declaracion-universal-derechos\\_0\\_844816206.html](https://www.eldiario.es/desalambre/humanos-iguales-declaracion-universal-derechos_0_844816206.html)
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2013. *Hljóðkerfi og orðhlutakerfi íslensku*.  
<https://notendur.hi.is/eirikur/hoi.pdf>
- Eiríkur Rögnvaldsson. 2017. *Má gera kynusla í íslenskunni?*  
<https://notendur.hi.is/eirikur/Kyn.pdf>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2020, 8. febrúar). *Mál í takt við tímann*.  
<https://uni.hi.is/eirikur/2020/02/08/mal-i-takt-vid-timann/>
- English Dictionary Lexico powered by Oxford. *Lexico.com*  
<https://www.lexico.com>
- Europa press. (2020, 8. febrúar). ¿Cuántas mujeres hay en la RAE? Las 11 académicas de la Academia entre los casi 500 miembros desde su fundación.  
*Europapress.es*.  
<https://www.europapress.es/cultura/noticia-cuantas-mujeres-hay-rae-11-academicas-academia-casi-500-miembros-fundacion-20200208232145.html>
- Eurostat. 2020. Gender pay gap statistics. *Ec.europa.eu*.  
[https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Gender\\_pay\\_gap\\_statistics](https://ec.europa.eu/eurostat/statistics-explained/index.php?title=Gender_pay_gap_statistics)
- Fernández Martín, Carmen. 2012. Comparing Sexist Expressions in English and Spanish: (De)-Constructing Sexism through Language. ES. *Revista de Filología Inglesa* 32, 69–93.
- Finnur Friðriksson. (2017). Research on language and gender in Icelandic: History and current trends. *HumaNetten* 38, 7-24. DOI: 10.15626/hn.20173802.
- Fisac Badell, Taciana. 1997. *El otro sexo del dragón. Mujeres, literatura y sociedad en China*. Narcea.
- Flood, Alison. (2016, 25. janúar). Sexism row prompts Oxford Dictionaries to review

- language used in definitions. *Theguardian.com*.  
<https://www.theguardian.com/books/2016/jan/25/oxford-dictionary-review-sexist-language-rabid-feminist-gender>
- García Lasala, María. 2017. Machismo en la RAE. *Change.org*  
<https://www.change.org/p/real-academia-española-machismo-en-la-rae-b7b27801-d0ae-4113-891f-416793afba18>
- García Mouton, Pilar. 2003. *Así hablan las mujeres. Curiosidades y tópicos del uso femenino del lenguaje*. Madrid: La esfera de los libros, S.L.
- Gómez Torrego, Leandro. 1993. 4<sup>a</sup> ed. *Manual de español correcto*. Vol. 2. Arco/Libros. Madrid.
- Gómez Torrego, Leandro. 2011. Diálogos de la lengua. Reflejo de algunos cambios sociales en el español actual. *Revista Cálamo FASPE* n° 58 –octubre-diciembre 2011. Consejo Superior de Investigaciones Científicas.
- Gouges, Olympe de. (1791) *Déclaration des droits de la femme et de la citoyenne*. Bibliothèque nationale de France.  
<https://gallica.bnf.fr/essentiels/gouges/declaration-droits-femme-citoyenne>
- Grétar Þór Sigurðsson. (2018, 13. apríl). Stúdentaráð gerir titla sína ókynjaða. *Visir.is*.  
<https://www.visir.is/g/2018180419542>
- Guðrún Kvaran. (2013, 2. apríl). *Ég var að velta fyrir mér kynjuðum starfsheitum og titlum. Ef kona væri forseti, hvað væri eiginmaður hennar kallaður?* Vísindavefurinn.  
<https://www.visindavefur.is/svar.php?id=64291>
- Guðrún Theodórsdóttir. 1985. *Kyn og kynferði*. [Óprentuð BA-ritgerð í almennum málvísindum]. Háskóli Íslands.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2005. „Mál beggja kynja“ í máli með þrjú kyn. Fyrirlestur sem var áður aðgengilegur á:  
[http://malvis.hi.is/sites/malvis.hi.is/files/MBK.Nesk\\_.úthMalvst.pdf](http://malvis.hi.is/sites/malvis.hi.is/files/MBK.Nesk_.úthMalvst.pdf)
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2008. Karlkyn eða hvorugkyn? Íslensk málhefð, feminísk málstýring og verkefni þýðingarnefndar. *Glíman* 5, 103–133.  
[https://issuu.com/gliman/docs/gliman5\\_2008](https://issuu.com/gliman/docs/gliman5_2008)
- Guðrún Þórhallsdóttir. (2019, 9. maí). *Hvers vegna er karlkyn kallað hlutlaust eða sjálfgefið?* Vísindavefurinn.

- <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=67942>
- Guterres, António. (2018, 6. desember). Remarks at opening of exhibit on the 70th Anniversary of the Universal Declaration of Human Rights. *Un.org*.  
<https://www.un.org/sg/en/content/sg/speeches/2018-12-06/70th-anniversary-universal-declaration-human-rights-remarks>
- Hagstofa Íslands. (2021, 27. janúar). *Óleiðréttur launamunur kynja 14% árið 2019*.  
<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/laun-og-tekjur/oleidrettur-launamunur-kynjanna-2019/>
- Helga Reynisdóttir. (2020, 2. mars). Íslenskur maður vill verða ljósfaðir. *Mbl.is*.  
[https://www.mbl.is/born/frettir/2020/03/02/islenskur\\_madur\\_vill\\_verda\\_ljosfadir/](https://www.mbl.is/born/frettir/2020/03/02/islenskur_madur_vill_verda_ljosfadir/)
- Hildur Knútsdóttir. 2013. *Pegar tungumálið talar okkur*. Knúz – feminískt vefrit.  
<https://knuz.wordpress.com/2013/04/09/tegar-tungumalid-talar-okkur/>
- Hildur Lilliendahl Viggósdóttir. 2020. *Annar ófrískur, hinn á túr: Tilraunir til breytinga á tungumálinu í þágu jafnréttis*. [BA-ritgerð í íslenskum fræðum]. Háskóli Íslands.  
Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/36955>
- Íslensk nútímamálsorðabók. Halldóra Jónsdóttir og Þórdís Úlfarsdóttir (ritstj.).  
Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. *Arnastofnun.is*.  
<https://islenskordabok.arnastofnun.is>
- Íslenskt orðanet. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. *Arnastofnun.is*.  
<https://ordanet.arnastofnun.is>
- Jón Axel Harðarson. 2001. Um karla og karlynjur: Málfræðilegt samband karlkyns og kvenkyns í íslenzku frá sögulegu og samtímalegu sjónarhorni. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 23, 253–274.  
<https://timarit.is/page/5411511#page/n254/mode/2up>
- Jón Gnarr. 2021. *Óorð. Bókin um vond, íslensk orð*. Bjartur & Veröld.
- Kristín A. Árnadóttir. 1990. Tungumálið. *Vera – Tímarit um konur og kvenfrelsi* 9(1), 3.  
<https://timarit.is/page/5425104#page/n1/mode/2up>
- Kristín Dýrfjörð. (2009, 6. febrúar). „Plís Katrín Jakobsdóttir viltu skoða þetta? [bloggfærsla].  
<https://roggur.blog.is/blog/kristindyr/entry/796235/>

- Lakoff, Robin. 1975. *Language and Woman's Place*. Harper & Row, Publishers, New York.
- Lei, Xiaolan. 2006. *Sexism in language*. *Journal of Languages and Linguistics* 5(1), 87–94. Semantic Scholar.  
<https://www.semanticscholar.org/paper/Sexism-in-Language-Lei/d03afdaa103c8526b75523cdadbacfd4a4d27041?p2df>
- Mannréttindaskrifstofa Íslands. Réttindi Kvenna. *Humanrights.is*  
<http://www.humanrights.is/is/mannrettindi-og-island/mannrettindi-akvedinnahopa/konur>
- Margrét Gústavsdóttir (2003, 14. maí). Konur eru menn en menn eru ekki konur. *Mbl.is*.  
<https://www.mbl.is/greinasafn/grein/730824/>
- Martínez-Robles, D. 2007. *La lengua china: historia, signo y contexto: Una aproximación sociocultural*. Barcelona: UOC.
- Menegatti M. and Rubini M. 2017. *Gender Bias and Sexism in Language*. Oxford Research Encyclopedias.  
<https://oxfordre.com/communication/view/10.1093/acrefore/9780190228613.001.10001/acrefore-9780190228613-e-470#acrefore-9780190228613-e-470-bibItem-0021>
- Merriam-Webster. *Is Singular 'They' a Better Choice? The awkward case of 'his or her'*.  
<https://www.merriam-webster.com/video/the-awkward-case-of-his-or-her>
- Merriam-Webster Dictionary. *Merriam-webster.com*.  
<https://www.merriam-webster.com>
- Mills, Sara. 1995. *Feminist Stylistics*. London and New York: Routledge.
- Mills, Sara. 2008. *Language and Sexism*. Cambridge University Press, New York, NY.
- Morales, Manuel. (2018, 14. mars). La RAE elimina la acepción de “fácil” referida a la mujer que “se presta al sexo sin problemas”. *Elpais.com*.  
[https://elpais.com/cultura/2018/03/14/actualidad/1521038565\\_584340.html](https://elpais.com/cultura/2018/03/14/actualidad/1521038565_584340.html)
- Nýtt orð óskast fyrir "ráðherra". (1998, 6. október). *Mbl.is*.  
[https://www.mbl.is/frettir/innlent/1998/10/06/nytt\\_ord\\_oskast\\_fyrir\\_radherra/](https://www.mbl.is/frettir/innlent/1998/10/06/nytt_ord_oskast_fyrir_radherra/)
- Oman-Reagan, Michael. (2016, 21. janúar). *Sexism in the Oxford Dictionary of English*. [bloggfærsla].

- <https://medium.com/@OmanReagan/sexism-in-the-oxford-dictionary-of-english-6d335c6a77b5#.f7113isan>
- Oxford learner's dictionaries. *Oxford learners dictionaries.com*.
- <https://oxfordlearnersdictionaries.com>
- Ólöf Rún Skúladóttir. (2022, 19. maí). Persónuvernd rannsakar flugfreyju- og þjóna smáforrit. *Ruv.is*.
- <https://www.ruv.is/frett/2022/05/19/personuvernd-rannsakar-flugfreyju-og-thjona-smaforrit>
- Ráð eða ráðandi í stað ráðherra. (2008, 4. febrúar). *Visir.is*.
- <http://www.visir.is/g/200880204092>
- Real Academia Española. 2022. Académicos de número. *Rae.es*.
- <http://www.rae.es/la-institucion/los-academicos/academicos-de-numero/relacion-actual>
- Real Academia Española. Diccionario de la lengua española. *Rae.es*.
- <https://dle.rae.es>
- Real Academia Española. Diccionario panhispánico de dudas. *Rae.es*.
- <https://www.rae.es/dpd/género>
- Saussure, Ferdinand de. 1916 (1959). *A Course in General Linguistics*, in: Bally. C./Sechehaye A. (eds.), in collaboration with Reidlinger A. (Translated from the French by Baskin W.), New York.
- Schild, Darcy. (2020, 5. desember). Kamala Harris says her husband's title will be 'second gentleman, 'but she'll 'call him honey'. *Insider.com*.
- <https://www.insider.com/kamala-harris-what-to-call-husband-second-gentleman-2020-12>
- Spender, Dale. 1980. *Man Made Language*. Routledge & Kegan Paul, London.
- Sunderland, Jane. 2004. *Gendered Discourses*. London: Palgrave Macmillan.
- Sunderland, Jane. 2006. *Language and Gender: An Advanced Resource Book*. Routledge Applied Linguistics.
- United Nations. Universal Declaration of Human Rights (1948), Drafting History. *Reseach.un.org*.
- <http://research.un.org/en/undhr/draftingcommittee>
- World Economic Forum. 2021. Global gender gap report 2021. *Weforum.org*.

[https://www3.weforum.org/docs/WEF\\_GGGR\\_2021.pdf](https://www3.weforum.org/docs/WEF_GGGR_2021.pdf)

Þingskjal 439/1975. Frumvarp til laga um breytingar á hjúkrunarlögum nr. 8 frá 13.

mars 1974. *Althingi.is*.

<https://www.althingi.is/altext/96/s/pdf/0439.pdf>

Þingskjal 22/1998. Tillaga til þingsályktunar um nýtt starfsheiti fyrir ráðherra.

*Althingi.is*.

<https://www.althingi.is/altext/123/s/0022.html>.

Þóra Björk Hjartardóttir. 2004. Baráttan um orðin. Orðanotkun tengd samkynhneigð.

*Íslenskt mál og almenn málfræði* 26(1), 83–122.

<https://timarit.is/page/5414561#page/n84/mode/2up>

## Viðauki 1 - Könnun

Ég er nemandi í Háskóla Íslands og er að rannsaka starfsheiti í íslensku. Þátttakendur í þessari könnun verða að hafa íslensku að móðurmáli. Könnunin er nafnlaus, en mig langar samt að biðja þig um að tilgreina kyn og aldur. Ég væri mjög þakklát ef þú værir til í að taka þátt.

Það tekur um 15 mínútur að svara könnuninni. Fyrir utan persónuupplýsingar skiptist hún í þrjá hluta, sem samanstanda af 35 eyðufyllingarspurningum, 23 krossaspurningum og 3 opnum spurningum.

Þessari könnun er EKKI ætlað að prófa kunnáttu þína í íslensku. Hér er aðeins verið að kanna hvað þú myndir segja samkvæmt þinni máltilfinningu og hvað þér finnst um ákveðin atriði í málinu.

Þakka þér kærlega fyrir þátttökuna!

### A. Persónuupplýsingar

Kyn:

- a) Karl
- b) Kona
- c) Annað

Aldur:

- a) 18 – 30 ára
- b) 31 – 50 ára
- c) 51 – 70 ára
- d) 71 árs og eldri

### B. Vinsamlegast skrifaðu viðeigandi starfsheiti.

1. Vigdís Finnbogadóttir var fyrsta kona heims sem var lýðræðislega kosin \_\_\_\_\_.



2. María vinnur við að skrifa fréttir á Morgunblaðinu, hún starfar sem \_\_\_\_\_.
3. Páll afgreiðir í verslun, hann er \_\_\_\_\_.
4. Daði Freyr er \_\_\_\_\_ sem var fulltrúi Íslands í *Eurovision*.
5. Melkorka Möller skrifar ljóð og hefur gefið út 20 ljóðabækur, hún er \_\_\_\_\_.
6. Einar keyrir strætó, hann er \_\_\_\_\_.
7. Rósa er verjandi minn í héraðsdómi, hún vinnur sem \_\_\_\_\_.
8. Stefán bakar brauð, hann er \_\_\_\_\_.
9. Kristín A. Árnadóttir var yfir sendiráði Kína árið 2012, hún var \_\_\_\_\_ Íslands.
10. Saga stjórnar hóteli, hún er \_\_\_\_\_.
11. Jóhannes S. Kjarval er einn frægasti \_\_\_\_\_ Íslands.
12. Arna vinnur við ræstingar, hún er \_\_\_\_\_.
13. Erla hjúkrar fólki á sjúkrahúsi. Hún lærði í 5 ár til að verða \_\_\_\_\_.
14. Óskar gerir við bíla, hann starfar sem \_\_\_\_\_.
15. Pétur afgreiðir fólk í flugvélum, hann er \_\_\_\_\_.
16. Halldór Laxness var íslenskur \_\_\_\_\_.
17. Vinkona mín tekur þátt í stjórnámálum, hún er \_\_\_\_\_.
18. Andrea Björk Sigurvinsdóttir vann sem \_\_\_\_\_ í Slökkviliði Fjarðabyggðar á árunum 2017–2018.
19. Eva vinnur á hárgreiðslustofu, hún er \_\_\_\_\_.
20. Sigríður Thorlacius er \_\_\_\_\_ frá Íslandi.
21. Þór tekur myndir á ljósmyndastofu, hann er \_\_\_\_\_.
22. Jóna Bæring býr til fallega list. Hún er \_\_\_\_\_.
23. Ólafur smíðar hús, hann er \_\_\_\_\_.
24. Aðalheiður starfar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, hún er \_\_\_\_\_.
25. Inga á bóndabæ, hún er \_\_\_\_\_.
26. Katrín Jakobsdóttir er \_\_\_\_\_ Íslands.
27. Anna er menntuð til þess að vinna í leikskóla, hún er \_\_\_\_\_.
28. Sigríður starfar sem \_\_\_\_\_ í skóla í Reykjavík.

29. Bjarki aðstoðar við kennslu í Háskóla Íslands, hann er \_\_\_\_\_.
30. Jón Gnarr var \_\_\_\_\_ Reykjavíkur á árunum 2010–2014.
31. Ingibjörg H. Bjarnason var fyrsta íslenska konan til að taka sæti á alþingi, hún var \_\_\_\_\_ frá 1922–1930.
32. Ólafi líður vel í vinnunni. Salka er yfir honum og er mjög næs \_\_\_\_\_.
33. Sólveig er mjög dugleg í vinnunni. Forstjórinn valdi hana \_\_\_\_\_ ársins.
34. Helgi Þór er hjúkrunarfræðingur en hann vill mennta sig meira til að geta tekið á móti börnum. Hann vill verða \_\_\_\_\_.
35. Halldóra Geirharðsdóttir er \_\_\_\_\_ sem fer með aðalhlutverk í myndinni *Kona fer í stríð*.

**C. Vinsamlegast veldu starfsheiti sem þér finnst vera viðeigandi. Hvaða orð finnst þér passa best að nota í eftirfarandi setningum?**

1. María vinnur við að skrifa fréttir á Morgunblaðinu, hún starfar sem \_\_\_\_\_.
- Blaðamaður
  - Blaðakona
  - Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_
2. Melkorka Möller skrifar ljóð og hefur gefið út 20 ljóðabækur, hún er \_\_\_\_\_.
- Skáld
  - Skáldkona
  - Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_
3. Rósa er verjandi minn í héraðsdómi, hún vinnur sem \_\_\_\_\_.
- Lögfræðingur
  - Lögmaður
  - Löggkona
  - Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_

4. Kristín A. Árnadóttir var yfir sendiráði Kína árið 2012, hún var \_\_\_\_\_  
Íslands.
- Sendiherra
  - Sendifrú
  - Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_
5. Saga stjórnar hóteli, hún er \_\_\_\_\_.
- Hótelstjóri
  - Hótelstýra
  - Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_
6. Arna vinnur við ræstingar, hún er \_\_\_\_\_.
- Ræstitæknir
  - Ræstingakona
  - Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_
7. Erla hjúkrar fólki á sjúkrahúsi. Hún lærði í 5 ár til að verða \_\_\_\_\_.
- Hjúkrunarfræðingur
  - Hjúkka
  - Hjúkrunarkona
  - Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_
8. Pétur afgreiðir fólk í flugvélum, hann er \_\_\_\_\_ .
- Flugþjónn
  - Flugfreyja
  - Flugfreyr
  - Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_
9. Vinkona mín tekur þátt í stjórnámálum, hún er \_\_\_\_\_.
- Stjórnmalamaður
  - Stjórnmalakona
  - Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_

10. Andrea Björk Sigurvinsdóttir vann sem \_\_\_\_\_ í Slökkviliði Fjarðabyggðar á árunum 2017–2018.

- a. Slökkviliðsmaður
- b. Slökkviliðskona
- c. Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_

11. Eva vinnur á hárgreiðslustofu, hún er \_\_\_\_\_.

- a. Hársnyrtir
- b. Hárgreiðslumaður
- c. Hárgreiðslukona
- d. Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_

12. Sigríður Thorlacius er \_\_\_\_\_ frá Íslandi.

- a. Söngvari
- b. Söngkona
- c. Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_

12. Jóna Bæring býr til fallega list. Hún er \_\_\_\_\_.

- a. Listamaður
- b. Listakona
- c. Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_

13. Aðalheiður starfar hjá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, hún er \_\_\_\_\_.

- a. Lögreglumaður
- b. Lögregluþjónn
- c. Lögga
- d. Lögreglukona
- e. Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_

14. Inga á bóndabæ, hún er \_\_\_\_\_.

- a. Bóndi

- b. Bóndakona  
c. Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_
15. Katrín Jakobsdóttir er \_\_\_\_\_ Íslands.  
a. Forsætisráðherra  
b. Forsætisráðfrú  
c. Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_
16. Anna er menntuð til þess að vinna í leikskóla, hún er \_\_\_\_\_.  
a. Fóstra  
b. Leikskólakennari  
c. Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_
17. Sigríður starfar sem \_\_\_\_\_ í skóla í Reykjavík.  
a. Kennari  
b. Kennslukona  
c. Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_
18. Ingibjörg H. Bjarnason var fyrsta íslenska konan til að taka sæti á Alþingi, hún var \_\_\_\_\_ frá 1922–1930.  
a. Þingmaður  
b. Þingkona  
c. Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_
19. Ólafi líður vel í vinnunni. Salka er yfir honum og er mjög næs \_\_\_\_\_.  
a. Yfirmaður  
b. Yfirkona  
c. Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_
20. Sólveig er mjög dugleg í vinnunni. Forstjórinn valdi hana \_\_\_\_\_ ársins.  
a. Starfsmann  
b. Starfskonu  
c. Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_

21. Helgi Þór er hjúkrunarfræðingur en hann vill mennta sig meira til að geta tekið á móti börnum. Hann vill verða \_\_\_\_\_.

- a. Ljós móðir
- b. Ljósfaðir
- c. Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_

22. Halldóra Geirharðsdóttir er \_\_\_\_\_ sem fer með aðalhlutverk í myndinni *Kona fer í stríð*.

- a. Leikari
- b. Leikkona
- c. Annað starfsheiti: \_\_\_\_\_

#### **D. Vinsamlegast svaraðu eftirfarandi spurningum**

1. Notar þú oftar *-maður* eða *-kona* í starfsheitum þegar þú vísar til kvenna?

- a. Maður
- b. Kona

Af hverju?

---

2. Notar þú *-maður* í starfsheitum þegar þú vísar til fólks af óþekktu kyni?

- a. Já
- b. Nei

Af hverju (ekki)?

---

3. Finnst þér málnotkun tengjast jafnrétti kynjanna?

- a. Já
- b. Nei

Af hverju (ekki)?

---

## Viðauki 2 – Dæmi um svör við spurningu 3: Finnst þér málnotkun tengjast jafnrétti kynjanna?

- „Tungumál hefur alltaf vald og þau orð sem við notum til að skilgreina okkur. Hefur áhrif á hvernig við hugsum. Best væri ef við ættum fleiri kynhlutlaus starfsheiti.“
- „Persónulega myndi mér finnst það pirrandi ef ég væri td flugþjónn og alltaf væri talað um mig sem flugfreyju.“
- „Af því að ég mundi kalla mig t.d flugfreyju eða ljósmóðir með stolti ef ég væri það..flugfreyr hljómar reyndar vel. -Maður og -kona virka vel til að skipa eftir kyni.. en herra/frú.. móðir/faðir ekki eins vel.“
- „Mér finnst íslenskan karllægt tungumál og myndi gjarnan vilja gera hana kvenlægari.“
- „Ég held að konur geti náð langt hvort sem þær kallast ráðherra eða ráðfrú.“
- „Málnotkun er gríðarlega mikilvæg. T.d. hvers vegna er alltaf talað um Þeir á Landspítalanum þegar það er stærsti kvennavinnustaður landsins? Málnotkun hefur djúpstæðar tengingar við hvernig við sjáum heiminn og hver fá kredit fyrir hlutina. Konur fá síðar viðurkenningu fyrir sína vinnu ef þeim er haldið fyrir utan umræðuna með kynjaðri málnotkun.“
- „Finnst mikilvægt að taka öll kynin inn í umræðuna, til að mismununa ekki og auka fordómar myndast ekki.“
- „Það hvernig fólk talar getur haft áhrif á hvernig það/aðrir hugsar og hagar sér og getur því hvort sem er stutt við eða hindrað framgang jafnréttis.“
- „Jafnrétti er allt annað mál.“
- „Mer finnst þetta skipta engu máli, maður er manneskja hvort sem það er kona eða karl.“
- „Með málhefð sést bersýnilega feðraveldið sem hefur verið við lýði í allt of langan tíma.“
- „Málið mjög karllægt.“
- „Málfar skiptir miklu máli við að ná jafnrétti, m.a. til að gera það "venjulegra" konur séu í algengum karlastörfum og öfugt. Málfar hefur mikil áhrif á hvernig við hugsum.“

- „Tungumálið er karllægt og ekki kyn-inklúsívt. Ekki mikið rými fyrir konur og enn minna fyrir önnur kyn.“
- „eg hló alveg af svörunum mínum (öruglega ekki þú) en hvað í ósköpunum hefur þetta með nokkuð að gera, það er hægt að eiða tíma sínum í svo miklu betri hluti (já ég átta mig a kaldhæðnini í því að svara öllu og kalla þetta tímasóun) en common, það er enginn að segja "flugkarlmaður" eða "stjórnmalakarlmaður", við erum öll menn. ég hugsa ekki "100% TYPPI, STÓRT OG DJÚSÝ TYPPI" Þegar eg heyri yfirmaður eða flugmaður, ég hugsa MANNeskja að sinna starfi. Yfir mér er kona og það er yndislegt. hættið að hata karla, chillið aðeins og fáíð ykkur einn bjór eða einhvað sem ykkur finst næs.“
- „Mörg starfsheiti sem mættu bera Kona í stað maður t.d.“
- „Sé ekki jafnréttistenginguna.“
- „Já, auðvitað gerir hún það. Tungumálið er kyndbundið og starfsheiti oft skilgreind eftir gömlum hugmyndum um kynhlutverk.“
- „Eftir þessar spurningar er ég miklu staðráðnari að bera mig eftir kyn/kynlaus þegar starfsheiti ber uppá góma. Takk.“
- „Ég geri mér grein fyrir því að þetta er rotgróið í samfélagið allt frá því þegar menn unnu og konur voru bara húsmæður. Það er auðvitað ekki þannig lengur og það ætti alveg að breyta þessu. Þannig já mér finnst þetta tengjast jafnrétti kynjanna á ehv hátt.“
- „Maður er ofnotað orð sem nær ekki yfir konur, þó málhefðin sé þannig, mætti breytast.“
- „Til að auka mikilvægi kvenna á vinnumarkaði jafnt á við karlmenn. “
- „Maður er ekki bara kyn, heldur líka dýrategund og við erum öll af tegundinni, maður.“
- „Það segir sig sjálft. Konur mega og eiga að fá að vera konur.“
- „Því hugsanir okkar móta og eru mótaðar af hvernig við tölum. Og það skiptir máli.“
- „Maður er nátengdar "karlmaður" en " manneskja".“
- „Klárlega, ég fékk bara strax bara nei, nei, nei tilfinningu áðan þegar ég var að svara könnunni hversu oft maður kom fyrst upp.“



- „Ef málið er notað til að gera minna úr menntun eða starfsstöðu einstaklings, byggt á kyni, þá er það jafnréttismál.“
- „Af því að það hjalpar okkur að útrýma því hugarfari að sum störf séu karlastörf og önnur kvennastörf og þar með jafna launamun kynjanna vonandi.“
- „Hefði viljað svara "ekki viss". Ég hef ekki leitt hugann að þessu fyrr, en magnað að taka þátt í könnun sem þessari og það kviknar bara allt í einu ljós hjá manni.“
- „Samfélagið og tungumálið er karllægt. Að nota rétt kyn eða hlutlaust er hluti af jafnréttisbaráttu.“
- „Konur eru menn.“
- „Því þó konur séu menn er skýrara að tala um konur sem konur.“
- „Konur eru ekki menn.“

### Viðauki 3 – Töflur

<b>EYÐUFYLLING STARFSHEITI</b>	<b>Meðalhluftfall aldurshópa Konur</b>	<b>Meðalhluftfall aldurshópa Karlar</b>
Blaðamaður	64%	72%
Blaðakona	27%	19%
Annað	9%	10%
Bóndi	92%	87%
Bóndakona	4%	2%
Annað	4%	11%
Flugþjónn	79%	76%
Flugfreyja	12%	9%
Flugfreyr	1%	2%
Annað	8%	12%
Forsætisráðherra	97%	95%
Forsætisráðfrú	2%	2%
Annað	2%	2%
Fóstra	3%	2%
Leikskólakennari	96%	93%
Annað	2%	5%
Hársnyrtir	17%	5%
Hárgreiðslumaður	4%	3%
Hárgreiðslukona	70%	73%
Annað	10%	20%
Hjúkrunarfræðingur	87%	62%
Hjúkka	0%	2%
Hjúkrunarkona	9%	27%
Annað	5%	10%
Hótelstjóri	49%	55%
Hótelstýra	49%	38%
Annað	2%	8%
Kennari	99%	93%
Kennslukona	0%	4%
Annað	1%	3%
Leikari	20%	16%
Leikkona	78%	76%
Annað	3%	9%
Listamaður	33%	45%
Listakona	63%	44%
Annað	5%	11%

Ljós móðir	81%	74%
Ljósfaðir	10%	8%
Annað	10%	18%
Lögfræðingur	42%	29%
Lögmaður	49%	65%
Löggkona	1%	0%
Annað	9%	7%
Lögregluþjónn	13%	13%
Lögreglumaður	14%	13%
Lögreglukona	58%	57%
Lögga	6%	6%
Annað	11%	12%
Ræstitæknir	83%	66%
Ræstingakona	15%	18%
Annað	3%	17%
Sendiherra	90%	89%
Sendifrú	3%	2%
Annað	7%	9%
Skáld	87%	81%
Skáldkona	2%	2%
Annað	10%	11%
Slökkviliðsmaður	57%	62%
Slökkviliðskona	36%	24%
Annað	8%	15%
Söngvari	9%	7%
Söngkona	68%	70%
Annað	24%	23%
Starfsmaður	79%	85%
Starfskona	3%	2%
Annað	18%	13%
Stjórnmalamaður	39%	51%
Stjórnmalakona	38%	32%
Annað	23%	18%
Yfirmaður	87%	80%
Yfirkona	2%	0%
Annað	11%	20%
Þingmaður	52%	71%
Þingkona	42%	21%
Annað	7%	9%

Tafla 31. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa

<b>EYÐUFYLLING STARFSHEITI</b>	<b>Konur 18-30</b>	<b>Konur 31-50</b>	<b>Konur 51-70</b>	<b>Konur 71+</b>
Blaðamaður	61%	59%	67%	71%
Blaðakona	39%	36%	26%	5%
Annað	0%	5%	7%	24%
Bóndi	89%	96%	93%	90%
Bóndakona	7%	4%	5%	0%
Annað	4%	0%	2%	10%
Flugþjónn	64%	73%	93%	86%
Flugfreyja	32%	15%	2%	0%
Flugfreyr	0%	3%	0%	0%
Annað	4%	8%	5%	14%
Forsætisráðherra	96%	90%	100%	100%
Forsætisráðfrú	4%	3%	0%	0%
Annað	0%	7%	0%	0%
Fóstra	0%	0%	0%	10%
Leikskólakennari	96%	98%	98%	90%
Annað	4%	2%	2%	0%
Hársnyrtir	18%	16%	19%	14%
Hárgreiðslumaður	0%	0%	5%	10%
Hárgreiðslukona	79%	70%	60%	71%
Annað	3%	14%	16%	5%
Hjúkrunarfræðingur	96%	91%	88%	71%
Hjúkka	0%	0%	0%	0%
Hjúkrunarkona	0%	4%	7%	24%
Annað	4%	5%	5%	5%
Hótelstjóri	25%	30%	71%	71%
Hótelstýra	71%	67%	29%	29%
Annað	4%	3%	0%	0%
Kennari	100%	98%	98%	100%
Kennslukona	0%	0%	0%	0%
Annað	0%	2%	2%	0%
Leikari	7%	9%	33%	29%
Leikkona	93%	90%	67%	62%
Annað	0%	1%	0%	9%
Listamaður	21%	24%	33%	52%
Listakona	75%	75%	64%	38%
Annað	4%	1%	3%	10%
Ljós móðir	75%	82%	86%	81%
Ljósfaðir	11%	10%	12%	5%
Annað	15%	8%	2%	14%

Lögfræðingur	61%	46%	33%	29%
Lögmaður	36%	48%	62%	48%
Löggona	0%	3%	0%	0%
Annað	4%	3%	5%	23%
Lögregluþjónn	11%	12%	17%	10%
Lögreglumaður	7%	14%	19%	14%
Lögreglukona	68%	61%	55%	48%
Lögga	7%	5%	5%	5%
Annað	7%	8%	4%	23%
Ræstitækni	75%	89%	86%	81%
Ræstingakona	25%	10%	10%	14%
Annað	0%	1%	4%	5%
Sendiherra	89%	86%	96%	90%
Sendifrú	5%	8%	0%	0%
Annað	8%	6%	4%	10%
Skáld	89%	86%	83%	90%
Skáldkona	0%	3%	5%	0%
Annað	11%	11%	12%	10%
Slökkviliðsmaður	43%	45%	71%	67%
Slökkviliðskona	54%	50%	21%	19%
Annað	3%	5%	8%	14%
Söngvari	0%	10%	14%	10%
Söngkona	72%	80%	72%	48%
Annað	28%	10%	14%	42%
Starfsmaður	93%	77%	83%	62%
Starfskona	0%	5%	2%	5%
Annað	7%	18%	15%	33%
Stjórnmalamaður	18%	28%	48%	62%
Stjórnmalakona	46%	53%	40%	14%
Annað	36%	19%	12%	24%
Yfirmaður	93%	84%	88%	81%
Yfirkona	4%	5%	0%	0%
Annað	3%	11%	12%	19%

Tafla 32. Hlutfall á milli kynja og aldurshópa – konur

<b>EYÐUFYLLING STARFSHEITI</b>	<b>Karlar 18-30</b>	<b>Karlar 31-50</b>	<b>Karlar 51-70</b>	<b>Karlar 71+</b>
Blaðamaður	54%	60%	91%	82%
Blaðakona	31%	35%	9%	0%
Annað	15%	5%	0%	18%
Bóndi	77%	90%	100%	82%
Bóndakona	8%	0%	0%	0%
Annað	15%	10%	0%	18%
Flugþjónn	77%	70%	73%	82%
Flugfreyja	15%	20%	0%	0%
Flugfreyr	0%	0%	0%	9%
Annað	8%	10%	21%	9%
Forsætisráðherra	84%	95%	100%	100%
Forsætisráðfrú	8%	0%	0%	0%
Annað	8%	5%	0%	0%
Fóstra	0%	0%	0%	9%
Leikskólakennari	85%	95%	100%	91%
Annað	15%	5%	0%	0%
Hársnyrtir	15%	5%	0%	0%
Hárgreiðslumaður	0%	10%	0%	0%
Hárgreiðslukona	62%	65%	82%	82%
Annað	23%	20%	18%	18%
Hjúkrunarfræðingur	70%	85%	55%	36%
Hjúkka	0%	0%	0%	9%
Hjúkrunarkona	15%	10%	45%	36%
Annað	15%	5%	0%	18%
Hótelstjóri	46%	45%	55%	73%
Hótelstýra	46%	50%	36%	18%
Annað	8%	5%	9%	9%
Kennari	92%	90%	100%	91%
Kennslukona	0%	5%	0%	9%
Annað	8%	5%	0%	0%
Leikari	15%	9%	15%	23%
Leikkona	80%	73%	80%	69%
Annað	5%	18%	5%	8%
Listamaður	23%	30%	64%	64%
Listakona	54%	60%	36%	27%
Annað	23%	10%	0%	9%
Ljós móðir	69%	80%	82%	64%
Ljósfaðir	0%	5%	0%	27%
Annað	31%	15%	18%	9%

Lögfræðingur	46%	15%	27%	27%
Lögmaður	46%	75%	73%	64%
Löggkona	0%	0%	0%	0%
Annað	8%	10%	0%	9%
Lögregluþjónn	0%	15%	27%	9%
Lögreglumaður	8%	15%	0%	27%
Lögreglukona	62%	55%	73%	36%
Lögga	15%	0%	0%	9%
Annað	16%	15%	0%	18%
Ræstitæknir	69%	75%	64%	55%
Ræstingakona	15%	10%	27%	18%
Annað	16%	15%	9%	27%
Sendiherra	84%	90%	100%	82%
Sendifrú	8%	0%	0%	0%
Annað	8%	10%	0%	18%
Skáld	85%	75%	82%	82%
Skáldkona	0%	0%	9%	0%
Annað	15%	25%	9%	18%
Slökkviliðsmaður	54%	40%	73%	82%
Slökkviliðskona	31%	45%	9%	9%
Annað	16%	15%	18%	9%
Söngvari	8%	10%	9%	0%
Söngkona	62%	45%	91%	82%
Annað	30%	45%	0%	18%
Starfsmaður	77%	80%	100%	82%
Starfskona	8%	0%	0%	0%
Annað	15%	20%	0%	18%
Stjórnmalamaður	62%	40%	36%	64%
Stjórnmalakona	15%	40%	55%	18%
Annað	23%	20%	9%	18%
Yfirmaður	85%	90%	91%	55%
Yfirkona	0%	0%	0%	0%
Annað	15%	10%	9%	45%
Þingmaður	54%	55%	82%	91%
Þingkona	31%	35%	18%	0%
Annað	15%	10%	0%	9%

Tafla 33. Hlutfall á milli kynja og aldurshópa – karlar

STARFSHEITI	Eyðufylling - Meðalhluftfall aldurshópa - Konur	Orðaval - Meðalhluftfall aldurshópa - Konur	Eyðufylling - Meðalhluftfall aldurshópa - Karlur	Orðaval - Meðalhluftfall aldurshópa - Karlur
Blaðamaður	64%	55%	72%	62%
Blaðakona	27%	44%	19%	30%
Annað	9%	3%	10%	8%
Bóndi	92%	90%	87%	87%
Bóndakona	4%	8%	2%	9%
Annað	4%	2%	11%	5%
Flugþjónn	79%	86%	76%	82%
Flugfreyja	12%	10%	9%	6%
Flugfreyr	1%	2%	2%	4%
Annað	8%	3%	12%	9%
Forsætisráðherra	97%	89%	95%	89%
Forsætisráðfrú	2%	10%	2%	8%
Annað	2%	1%	2%	3%
Fóstra	3%	3%	2%	6%
Leikskólakennari	96%	97%	93%	89%
Annað	2%	5%	1%	5%
Hársnyrtir	17%	33%	5%	18%
Hárgreiðslumaður	4%	8%	3%	4%
Hárgreiðslukona	70%	58%	73%	64%
Annað	10%	2%	20%	12%
Hjúkrunarfræðingur	87%	96%	62%	77%
Hjúkka	0%	0%	2%	4%
Hjúkrunarkona	9%	4%	27%	16%
Annað	5%	0%	10%	3%
Hótelstjóri	49%	38%	55%	46%
Hótelstýra	49%	62%	38%	51%
Annað	2%	0%	8%	3%
Kennari	99%	94%	93%	89%
Kennslukona	0%	5%	4%	8%
Annað	1%	1%	3%	3%
Leikari	20%	21%	16%	14%
Leikkona	78%	78%	76%	81%
Annað	3%	0%	9%	6%
Listamaður	33%	41%	45%	48%
Listakona	63%	58%	44%	44%
Annað	5%	2%	11%	8%
Ljósmodír	81%	81%	74%	79%
Ljósfaðir	10%	17%	8%	14%
Annað	10%	2%	18%	7%



Lögfræðingur	42%	59%	29%	39%
Lögmaður	49%	40%	65%	54%
Lögkona	1%	1%	0%	2%
Annað	9%	0%	7%	6%
Lögregluþjónn	13%	33%	13%	31%
Lögreglumaður	14%	17%	13%	29%
Lögreglukona	58%	41%	57%	29%
Lögga	6%	6%	6%	7%
Annað	11%	3%	12%	3%
Ræstítæknir	83%	87%	66%	76%
Ræstingakona	15%	11%	18%	13%
Annað	3%	2%	17%	9%
Sendiherra	90%	86%	89%	81%
Sendifrú	3%	12%	2%	11%
Annað	7%	2%	9%	9%
Skáld	87%	82%	81%	80%
Skáldkona	2%	17%	2%	8%
Annað	10%	1%	17%	12%
Slökkviliðsmaður	57%	54%	62%	63%
Slökkviliðskona	36%	44%	24%	26%
Annað	8%	2%	15%	11%
Söngvari	9%	16%	7%	7%
Söngkona	68%	83%	70%	80%
Annað	24%	2%	23%	13%
Starfsmaður	79%	79%	85%	84%
Starfskona	3%	7%	2%	7%
Annað	18%	14%	13%	10%
Stjórnmalamaður	39%	47%	51%	61%
Stjórnmalakona	38%	48%	32%	31%
Annað	23%	4%	20%	8%
Yfirmaður	87%	89%	80%	84%
Yfirkona	2%	6%	0%	3%
Annað	11%	5%	20%	13%
Þingmaður	53%	60%	71%	70%
Þingkona	40%	40%	21%	23%
Annað	7%	0%	9%	7%

Tafla 34. Meðaltal af prósentutölu allra aldurshópa í b-hluta og c-hluta

STARFSHEITI	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval
	Konur 18-30	Konur 18-30	Konur 31-50	Konur 31-50	Konur 51-70	Konur 51-70	Konur 71+	Konur 71+
Blaðamaður	61%	50%	59%	45%	67%	62%	71%	57%
Blaðakona	39%	46%	36%	49%	26%	36%	5%	43%
Annað	0%	4%	5%	6%	7%	2%	24%	0%
Bóndi	89%	86%	96%	91%	93%	93%	90%	90%
Bóndakona	7%	11%	4%	9%	5%	7%	0%	5%
Annað	4%	4%	0%	0%	2%	0%	10%	5%
Flugþjónn	64%	68%	73%	76%	93%	98%	86%	100%
Flugfreyja	32%	25%	15%	12%	2%	2%	0%	0%
Flugfreyr	0%	4%	3%	5%	0%	0%	0%	0%
Annað	4%	4%	8%	7%	5%	0%	14%	0%
Forsætisráðherra	96%	82%	90%	84%	100%	95%	100%	95%
Forsætisráðfrú	4%	18%	3%	11%	0%	5%	0%	5%
Annað	0%	0%	7%	5%	0%	0%	0%	0%
Fóstra	0%	0%	0%	1%	0%	0%	10%	10%
Leikskólakennari	96%	100%	98%	98%	98%	100%	90%	90%
Annað	4%	0%	2%	1%	2%	0%	0%	0%
Hársnyrtir	18%	39%	16%	34%	19%	41%	14%	19%
Hárgreiðslumaður	0%	4%	0%	2%	5%	5%	10%	19%
Hárgreiðslukona	79%	57%	70%	60%	60%	52%	71%	62%
Annað	3%	0%	14%	4%	16%	2%	5%	0%
Hjúkrunarfræðingur	96%	100%	91%	97%	88%	98%	71%	90%
Hjúkka	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%	0%
Hjúkrunarkona	0%	0%	4%	2%	7%	2%	24%	10%
Annað	4%	0%	5%	1%	5%	0%	5%	0%
Hótelstjóri	25%	21%	30%	26%	71%	52%	71%	52%
Hótelstýra	71%	79%	67%	73%	29%	48%	29%	48%
Annað	4%	0%	3%	1%	0%	0%	0%	0%
Kennari	100%	100%	98%	97%	98%	90%	100%	90%
Kennslukona	0%	0%	0%	3%	0%	7%	0%	10%
Annað	0%	0%	2%	0%	2%	2%	0%	0%
Leikari	7%	4%	9%	12%	33%	38%	29%	29%
Leikkona	93%	89%	90%	88%	67%	62%	62%	71%
Annað	0%	0%	1%	0%	0%	0%	9%	0%
Listamaður	21%	36%	24%	29%	33%	36%	52%	62%
Listakona	75%	61%	75%	69%	64%	64%	38%	38%
Annað	4%	4%	1%	2%	3%	0%	10%	0%
Ljósmyndir	75%	86%	82%	74%	86%	83%	81%	81%
Ljósfaðir	11%	11%	10%	21%	12%	17%	5%	19%
Annað	15%	3%	8%	5%	2%	0%	14%	0%
Lögfræðingur	61%	75%	46%	54%	33%	45%	29%	62%
Lögmaður	36%	25%	48%	41%	62%	55%	48%	38%
Lögkona	0%	0%	3%	4%	0%	0%	0%	0%
Annað	4%	0%	3%	0%	5%	0%	23%	0%
Lögregluþjónn	11%	25%	12%	34%	17%	36%	10%	38%
Lögreglumaður	7%	14%	14%	12%	19%	19%	14%	24%
Lögreglukona	68%	50%	61%	43%	55%	33%	48%	38%
Lögga	7%	11%	5%	8%	5%	5%	5%	0%
Annað	7%	0%	8%	3%	4%	7%	23%	0%
Ræstiteknir	75%	82%	89%	96%	86%	90%	81%	81%
Ræstingakona	25%	14%	10%	3%	10%	7%	14%	19%
Annað	0%	4%	1%	1%	4%	3%	5%	0%
Sendiherra	89%	71%	86%	82%	96%	95%	90%	95%
Sendifrú	5%	25%	8%	13%	0%	5%	0%	5%
Annað	8%	4%	6%	5%	4%	0%	10%	0%

Skáld	89%	93%	86%	92%	83%	76%	90%	67%
Skáldkona	0%	7%	3%	8%	5%	19%	0%	33%
Annað	11%	0%	11%	0%	12%	5%	10%	0%
Slökkviliðsmaður	43%	46%	45%	41%	71%	57%	67%	71%
Slökkviliðskona	54%	54%	50%	56%	21%	38%	19%	29%
Annað	3%	0%	5%	3%	8%	4%	14%	0%
Söngvari	0%	11%	10%	15%	14%	24%	10%	14%
Söngkona	72%	89%	80%	84%	72%	76%	48%	81%
Annað	28%	0%	10%	1%	14%	0%	42%	5%
Starfsmaður	93%	75%	77%	72%	83%	88%	62%	81%
Starfskona	0%	7%	5%	13%	2%	2%	5%	5%
Annað	7%	18%	18%	15%	15%	9%	33%	14%
Stjórnmaðamaður	18%	32%	28%	35%	48%	50%	62%	71%
Stjórnmaðakona	46%	57%	53%	60%	40%	45%	14%	29%
Annað	36%	4%	19%	5%	12%	5%	24%	0%
Yfirmaður	93%	89%	84%	80%	88%	90%	81%	95%
Yfirkona	4%	11%	5%	9%	0%	0%	0%	5%
Annað	3%	0%	11%	11%	12%	10%	19%	0%
Þingmaður	32%	50%	43%	45%	60%	57%	71%	86%
Þingkona	57%	50%	54%	54%	36%	43%	19%	14%
Annað	11%	0%	3%	1%	4%	0%	10%	0%

Tafla 35. Hlutfall á milli aldurshópa í b-hluta og c-hluta – konur

STARFSHEITI	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval	Eyðufylling	Orðaval
	Karlar 18-30	Karlar 18-30	Karlar 31-50	Karlar 31-50	Karlar 51-70	Karlar 51-70	Karlar 71+	Karlar 71+
Blaðamaður	54%	46%	60%	65%	91%	55%	82%	82%
Blaðakona	31%	46%	35%	30%	9%	45%	0%	0%
Annað	15%	8%	5%	5%	0%	0%	18%	18%
Bóndi	77%	70%	90%	85%	100%	100%	82%	91%
Bóndakona	8%	15%	0%	10%	0%	0%	0%	9%
Annað	15%	15%	10%	5%	0%	0%	18%	0%
Flugþjónn	77%	84%	70%	70%	73%	91%	82%	82%
Flugfreyja	15%	8%	20%	15%	0%	0%	0%	0%
Flugfreyr	0%	0%	0%	5%	0%	0%	9%	9%
Annað	8%	8%	10%	10%	21%	9%	9%	9%
Forsætisráðherra	84%	69%	95%	85%	100%	100%	100%	100%
Forsætisráðfrú	8%	23%	0%	10%	0%	0%	0%	0%
Annað	8%	8%	5%	5%	0%	0%	0%	0%
Fóstra	0%	0%	0%	5%	0%	0%	9%	18%
Leikskólakennari	85%	85%	95%	90%	100%	100%	91%	82%
Annað	0%	15%	5%	5%	0%	0%	0%	0%
Hársnyrtir	15%	15%	5%	30%	0%	18%	0%	9%
Hárgreiðslumaður	0%	0%	10%	15%	0%	0%	0%	0%
Hárgreiðslukona	62%	62%	65%	40%	82%	73%	82%	82%
Annað	23%	16%	20%	15%	18%	9%	18%	9%
Hjúkrunarfræðingur	70%	85%	85%	85%	55%	73%	36%	64%
Hjúkka	0%	8%	0%	0%	0%	0%	9%	9%
Hjúkrunarkona	15%	0%	10%	10%	45%	27%	36%	27%
Annað	15%	8%	5%	5%	0%	0%	18%	0%
Hótelstjóri	46%	31%	45%	35%	55%	55%	73%	64%
Hótelstýra	46%	62%	50%	60%	36%	45%	18%	36%
Annað	8%	8%	5%	5%	9%	0%	9%	0%

Kennari	92%	84%	90%	90%	100%	91%	91%	91%
Kennslukona	0%	8%	5%	5%	0%	9%	9%	9%
Annað	8%	8%	5%	5%	0%	0%	0%	0%
Leikari	15%	8%	9%	10%	15%	18%	23%	18%
Leikkona	80%	85%	73%	85%	80%	82%	69%	73%
Annað	5%	8%	18%	5%	5%	0%	8%	9%
Listamaður	23%	31%	30%	40%	64%	55%	64%	64%
Listakona	54%	46%	60%	50%	36%	45%	27%	36%
Annað	23%	23%	10%	10%	0%	0%	9%	0%
Ljósmyndir	69%	77%	80%	85%	82%	91%	64%	64%
Ljósfaðir	0%	8%	5%	10%	0%	9%	27%	27%
Annað	31%	15%	15%	5%	18%	0%	9%	9%
Lögfræðingur	46%	62%	15%	30%	27%	36%	27%	27%
Lögmaður	46%	23%	75%	65%	73%	64%	64%	64%
Lögkona	0%	8%	0%	0%	0%	0%	0%	0%
Annað	8%	8%	10%	5%	0%	0%	9%	9%
Lögregluþjónn	0%	38%	15%	40%	27%	36%	9%	9%
Lögreglumaður	8%	23%	15%	20%	0%	18%	27%	55%
Lögreglukona	62%	15%	55%	30%	73%	45%	36%	27%
Lögga	15%	15%	0%	5%	0%	0%	9%	9%
Annað	16%	8%	15%	5%	0%	0%	18%	0%
Ræstiteknir	69%	77%	75%	90%	64%	73%	55%	64%
Ræstingakona	15%	15%	10%	0%	27%	27%	18%	9%
Annað	16%	8%	15%	10%	9%	0%	27%	18%
Sendiherra	84%	69%	90%	80%	100%	91%	82%	82%
Sendifrá	8%	23%	0%	10%	0%	9%	0%	0%
Annað	8%	8%	10%	10%	0%	0%	18%	18%
Skáld	85%	92%	75%	65%	82%	91%	82%	73%
Skáldkona	0%	0%	0%	5%	9%	9%	0%	18%
Annað	15%	8%	25%	30%	9%	0%	18%	9%
Slökkviliðsmaður	54%	46%	40%	50%	73%	73%	82%	82%
Slökkviliðskona	31%	38%	45%	40%	9%	27%	9%	0%
Annað	16%	16%	15%	10%	18%	0%	9%	18%
Söngvari	8%	0%	10%	20%	9%	9%	0%	0%
Söngkona	62%	77%	45%	70%	91%	91%	82%	82%
Annað	30%	23%	45%	10%	0%	0%	18%	18%
Starfsmaður	77%	77%	80%	75%	100%	91%	82%	91%
Starfskona	8%	8%	0%	10%	0%	9%	0%	0%
Annað	15%	15%	20%	15%	0%	0%	18%	9%
Stjórnmalamaður	62%	62%	40%	45%	36%	64%	64%	73%
Stjórnmalakona	15%	15%	40%	45%	55%	36%	18%	27%
Annað	23%	23%	20%	10%	9%	0%	18%	0%
Yfirmaður	85%	77%	90%	85%	91%	91%	55%	82%
Yfirkona	0%	8%	0%	5%	0%	0%	0%	0%
Annað	15%	15%	10%	10%	9%	9%	45%	18%
Þingmaður	54%	62%	55%	55%	82%	73%	91%	91%
Þingkona	31%	23%	35%	40%	18%	27%	0%	0%
Annað	15%	15%	10%	5%	0%	0%	9%	9%

Tafla 36. Hlutfall á milli aldurshópa í b-hluta og c-hluta – karlar